

Um ættarnöfn og erlend mannanöfn í íslensku

Þótt nokkrum mönnum sýnast kynni það mál og efni lítilsvert, sem eptirfylgjandi klausur um geta, þá má ég eigi samt verða þeim samdóma; því að ég sje daglegana, hversu tungan vor, og henni samfara góðir síðir feðra vorra ganga til þurrðar og úreldast meir og meir.

Eggert Ólafsson.

I

Fyrir nokkrum árum átti ég tal við ungan kennara um beygingu ættarnafna. Honum virtist málið ekki mjög flókið: hafa ættarnöfn ávallt endingarlaus, nema þau stæðu sér án skírnarnafns. Mér sýndist málið flóknara og reyndi að skírskota til málvenju sem mér þótti óþarfi að breyta. Þessar röksemdir mínar fengu litlar undirtektir, enda kennarar þekktir fyrir annað en að gera mál flókin að óþörfu. Ég tók mér nú fyrir hendur að kanna bækur, blöð og tímarit, einkum frá níttjándu öld og fyrri hluta hinnar tuttugustu, en auk þess blaðaði ég nokkuð í málögnum sem fyrirferðarmikil hafa verið í menningarlífi Íslendinga undanfarna áratugi, meðal annarra *Tímariti Máls og menningar* og *Morgunblaðinu*. Þá kannaði ég rit nokkurra fræðimanna og rithöfunda, sem ég taldi að orðið gætu þjódinni til fyrirmyndar. Tíndi ég saman í því skyni allmörg dæmi.

Eftir þessa könnun mína virðist mér flest benda til þess, að eignarfallsending í ættarnöfnum leggist með öllu niður innan fárra ára, ef ekki er stungið við fótum.

Nú vaknar sú spurning: Hvað er unnið við það að veita þessum sístækkandi flokki nafnorða algera sérstöðu í íslensku málkerfi?

Í athugasemdum við frumvarp um mannanöfn 1955 (*Þingskjal* 94) kemst prófessor Alexander Jóhannesson svo að orði:

Flest íslensk ættarnöfn eru málsþjöll og munu þau, er tímar liða, valda skemmdum á tungu vorri, t.d. á þann hátt, að tvö föll verði notuð í stað fjögurra, eins og þróunin hefur orðið í öðrum germönskum málum (nefnif., þolf. og þáguf. eins, eignarfall með s-endingu), eða jafnvel aðeins eitt. Má sjá þess dæmi daglega í hverju íslensku blaði og heyra í ríkisútvarpinu, að ættarnöfn eru beygingarlaus, einnig í eignarfalli, og er sýnt, hvert stefnir. Þau munu slæva tilfinning vandaðs máls og flýta fyrir margs konar mállýtum. Tígn íslenskrar tungu er m.a. fólgin í því, að hvert íslenskt orð er gagnsætt á þann hátt, að menn skilja, hvernig merking orðs var hugsuð, og er því meira en hljómur einn, sem menn nema við endurtekna notkun. Oss Íslendingum ber því að halda vörð um geymd hins dýrasta arfs, er vér höfum fengið frá forfedrum vorum. (*Alþingistiðindi* A 1955, bls. 439).

Ættarnöfn hafa lengi verið viðkvæmt mál hér á landi, og ef til vill er það þess vegna, sem málfræðingar hafa kinokað sér við að taka þau til rækilegrar athugunar. Var þó orðin brýn þörf leiðbeininga úr einhverri átt. Nú er málið þannig vaxið, að um beygingu ættarnafna er ekki hægt að setja beinharðar reglur; stundum verður smekkur hvers og eins að

koma til. Málið er að nokkru stílfræðilegs eðlis, svo að engin furða er þótt sums staðar sé harla laust undir fótum. En ekki væri það vansalaust, ef enginn vildi byrja að moka flórin.

II

Áður en lengra er haldið er ekki úr vegi að drepa nokkuð á sögu ættarnafna, því að án lágmarksþekkingar á því efni gæti verið erfitt að meta þau rök, sem hér verða sett á oddinn.

Ættarnafnasiðurinn er kominn frá Rómverjum. Í latínu voru nöfn manna og kvenna kynbeygð, þannig, að hétu maðurinn t.d. *Titus Cornelius*, gat systir hans borið nafnið *Claudia Cornelia*. Beyging slíkra nafna féll því sem best varð á kosið að latnesku málkerfi. Þegar rómversk menning breiddist út í Vestur- og Norður-Evrópu varð ættarnafnasiðurinn samferða og tók að ryðja burt hinum germanska nafnsið, að kenna sig til föður, örsjaldan til móður. Aðalsættirnar urðu fyrstar til að taka upp hinn nýja sið, en borgarar og alþýða veittu lengur viðnám; og á Norðurlöndum finnast varla heimildir um ættarnöfn fyrr en á þrettánda öld. Í lok miðalda bar helmingur aðalsmanna í Danmörku föst ættarnöfn, og árið 1526 fékk Friðrik I. ríkisráðið til að skylda menn af aðalsættum að taka upp arfgeng ættarnöfn. Með vaxandi þéttbýli fóru menn að amast við gömlum kenningarnöfnum og tóku þá margir borgarar og handverksmenn upp ættarnöfn. Verða þá til nöfn kennd til starfs eins og *Möller*, *Brygger*, *Jæger*, *Smed* (Schmidt), *Ladefoged*, og fleiri, ásamt öðrum sem dregin voru af staðarnöfnum, eins og *Olderup*, *Steenstrup* (-trup < torp: þorp) o.s. frv. Með þýskum kaupmönnum og handverksmönnum barst fjöldi þýskra ættarnafna inn í danskan nafnaforða, og stundum þýskuðu danskir menn nafn sitt. Dæmi: *Bredsdorff* fyrir *Bredstrup* o.s. frv. Meðal lærðra manna urðu latnesk ættarnöfn einnig tíð á 17du og 18du öld. Má sem dæmi nefna *Pontoppidan*, sem er latnesk (eða grísk) mynd af þorpsnafninu *Broby*. Í dönskum sveitum virðast margir hafa verið tregir til að leggja niður hinn þjóðlega nafnsið og hélst hann sums staðar í trássi við laga-fyrirmæli fram undir lok 19du aldar. (Fredrik Nielsen, Axel Olrik, Johannes C. H. R. Steenstrup. *Dansk navneskik*, Kh. 1899, bls. 107-120. Sjá einnig *Kulturhistorisk leksikon* XVI, dálkur 206).

Upphaf ættarnafna á Íslandi má ef til vill rekja til þess síðar lærðra manna að rita nafn sitt á latínu, bæði á ritverk sín og eins þegar þeir voru skráðir í erlenda háskóla. Var þar farið að alþjóðlegri venju. Höfundarnafn Arngríms lærða var *Arngrimus Jonas* (eða *Jonae*) *Islandus* og stundum *W* fyrir aftan, en það er talið skammstöfun á *Widalinus*, þ.e. úr Víðidal eða Víðidalstungu. Er þaðan Vídalíns-nafnið dregið. Ekki tóku þó börn Arngríms upp þetta nafn, heldur barnabörn hans.

Þórður Þorláksson, síðar biskup í Skálholti, er skrifaður *Theodorus Thorlacius Holar Islandus* á innritunarskrám háskólans í Strassburg 1666 og þannig mun hann hafa verið nafngreindur síðar. Elstu ættarnöfn á Íslandi má því rekja til sautjándu aldar, og hafa Vídalín og Thorlacius verið talin elst. Að vísu mun nafnið *Hólmur* hafa gengið í karlegg á Íslandi allt frá 13du öld og fram á þá 15du, en hæpið er að telja það til venjulegra ættarnafna.

Á 18du öld tíðkaðist það mjög að taka upp ættarnöfn með latneskum endingum, svo sem Johnsonius, Olavius, Thorkelin, Espólin, Hjaltalín (stytting úr *-inus*). Þórður Þoroddsen (Thoroddsens-ætt) nefndi sig *Thoroddi* að seinna nafni, en það er latneskuð mynd af föðurnafni hans.

Á 18du öld og lengur hneigðust Íslendingar til að hafa ættarnöfn dönsk í sniðum. Drógu menn þá nafn af fæðingarstað sínum eða ættaróðali: Beck (Kvíabekkur), Bergmann (Setberg), Briem (Brjánslækur), Dahl (Héraðsdalur), Holm (Hólmasel). Sjá "Nefndarálit um ættarnöfn" í bókinni *Íslensk mannanöfn*, Reykjavík 1915.

Á 18du öld voru hin gömlu "sen"-nöfn gerð að arfgengum ættarnöfnum í Danmörku, einkum meðal lægri stétta, og tóku þeir Íslendingar sem þar voru langdvölum og fleiri þá oft að rita *sen* fyrir *son* í föðurnafni sínu. Hafa mörg slík nöfn orðið að föstum ættarnöfnum á Íslandi, eins og kunnugt er: Stephensen, Thorarensen, Thoroddsen, Thomsen og svo frv. Þá tóku menn einnig að nota stytt staðanöfn sín eða stafsetja föðurnöfn sín að dönskum hætti: Breiðfjörð, Gröndal, Thorsteinsson o. s. frv. Á síðari árum hefur sú venja orðið æ vinsælli að nota eignarfall af föðurnafni sínu eða fæðingarstað (stundum dvalarstað): Eggerz, Kolbeins, Leifs; Fells, Kaldalóns, Laxness o. s. frv. (Sjá síðar).

III

Í ritgerðinni "Íslenzkir nafnsiðir og þróun íslenzka nafnaforðans",¹ sem birtist í *Skírni* 1967, segir Halldór Halldórsson: "Ættarnöfn virðast hafa náð til fárra ætta fram um 1800." Vitnar hann þar í skýrsluna "Um mannaheiti á Íslandi árið 1855", en í formála hennar segir svo:

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að frá elztu tímum og allt til þessa hefir það verið almennur siður á Íslandi að kenna bæði karla og konur við föðurnöfn þeirra, en ekki hafa þar tíðkast ættarnöfn eða nöfn sem ganga í sömu ætt mann frá manni, að frá skildum einstöku stórættum. Það er fyrst á seinni tímum að Íslendingar hafa farið að taka eptir útlendum að brúka þessháttar ættarnöfn, og einkum var það skömmu fyrir og um hin síðustu aldamót að svo leit út, sem þessi siður ætlaði að taka sér bólfestu í landinu, og var orðinn að fullkomnum ósið, því þá kvað svo rammt að þessu, að svo að segja hver maður, sem var "sigldur", horfði ekki í að afmynda móðurmál sitt og gjöra sig að athlægi með því að setja danska eða latínska endingu á föðurnafnið, og nefna sig annaðhvort "sen" eða "sonius", gæti hann ekki fundið eitthvert annað nafn sem væri frábrugðið því vanalega og hefði útlendan keim; en auk þessa fóru margir, sem heima sátu og aldrei höfðu stigið fæti út fyrir landsteinana, að herma eptir þeim hinum sigldu mönnum í þessu. Það fer nú betur, að svo lítur út sem þessi ósiður fari heldur nokkuð minkandi, og að minnsta kosti er það víst, að allflestir Íslendingar, sem nú á tímum sigla til útlanda, láta sér enga niðurlægingu þykja að nefna sig nöfnum feðra sinna á móðurmáli sínu. (*Skýrslur um landshagi á Íslandi* IV. Kh. 1858, bls. 512).

Orð skýrsluhöfundar eru fróðleg og varpa nokkru ljósi á viðhorf Íslendinga til ættarnafna. Það var sjálfsagt að "stórættir" tækju sér ættarnafn til að skera sig úr fjöldanum, en ættarnöfn þóttu ekki við hæfi, ef alþýðufólk átti í hlut. "Allt sem leyfist Óðni sjálfum, ekki hæfir bolakálfum."²

Ég hygg að ályktun Halldórs Halldórssonar láti nærri. Í áðurnefndri skýrslu kemur í ljós, að 155 ættarnöfn hafa verið í gangi á Íslandi 1855. Þessum nöfnum er skipt í þrjá flokka í skýrslu C. Fyrsti flokkur: nöfn sem telja má innlend að uppruna. Annar flokkur: nöfn sem upprunalega voru útlend, en mega nú teljast innlend, þar sem nafnhafar eru fæddir á Íslandi. Þriðji flokkur: þau nöfn sem að öllu leyti eru útlend.

¹ Greinin var síðar endurprentuð í ritgerðasafni Halldórs, *Íslenzk málrækt*, Rv. 1971.

² Þýðing Helga Hálfðanarsonar á latneska máltækinu "Quod licet Iovi, non licet Bovi."

Eru þau síðast nefndu merkt með grískum krossi + , en flokkur 2 með stjörnu *.

Þessi flokkaskipan er fróðleg út af fyrir sig, en skiptir litlu máli fyrir viðfangsefni þessarar ritgerðar. Nöfn í flokkunum þremur eru álíka framandleg að yfirbragði og hljóta auðvitað að sæta sömu lögum að því er beygingu varðar. Þetta sést best, ef athuguð eru þau nöfn sem enda á *sen*. Íslensk eru talin í skýrslunni: Benedictsen, Johnsen, Schulesen. Hálf-íslensk: * Bonnesen, * Iversen, * Knudsen. Útlend: + Bertelsen, + Christensen, + Jacobsen.

Fróðlegast er að athuga þau nöfn sem hafa íslenskan, eða hálf-íslenskan seinni lið, en þau minna mjög á nöfn annarra norrænna þjóða. Dæmi:-berg, -dal, -fjörð, -hólm/Holm og -mann. Þessi nöfn hafa flest náð feikilegri útbreiðslu á Íslandi, svo að nafnhafar skipta jafnvel þúsundum (Sjá Þorsteinn Þorsteinsson. *Íslensk mannanöfn*. Nafngjafir þriggja áratuga 1921-1950. Rv. 1961, bls. 16). Verður hluti úr töflu Þorsteins Þorsteinssonar (P.P.) birtur hér fyrir aftan. Geta þessi nöfn verið samnefnari ættarnafna af íslenskum stofni og lærdómsrík sem beygingardæmi.

Hægt er að fylgjast með útbreiðslu þessara nafna með því að bera ættarnafnaskrá C 1855 saman við skrá um ættarnöfn á Íslandi 1. des. 1910. Og enn fróðlegra verður þetta, ef skrá Þorsteins Þorsteinssonar um viðurnöfn er höfð til hliðsjónar.³ Tölurnar í skránum eru að vísu ekki alveg sambærilegar, en sýna samt þróunina mætavel.

Nöfn sem hafa -berg að seinni lið eru 3 í skránni 1855 (Billenberg, Thorberg og Tranberg). Að minnsta kosti tvö eru útlend að uppruna. Í skýrslunni frá 1910 eru nöfn sem enda á *berg* orðin 10 að tölu, og í viðurnafnaskrá Þorsteins Þorsteinssonar 1961 eru þau hvorki meira né

³ Viðurnafn skýrgreinir P.P. svo:

Eiginnöfn eru persónunöfn, karlmanns- eða kvenmannsnöfn, hvort sem þau eru einnefni eða fleirnefni. Viðurnöfn eru aftur á móti aldrei einnefni né fyrra nafn af fleirum, heldur ætíð aukanafn í fleirnefnum... eru það stundum ættarnöfn, sem verið hafa áður í notkun, t.d. oft ættarnafn móðurinnar, eða þá nýmynduð nöfn, sem ætlast er til að verði ættarnöfn framvegis. Þar á meðal er mikið um eignarfall eiginnafna. Til viðurnafna telst einnig eignarfall eignafna, að viðbættu son eða dóttir, ef nafnið er ekki föðurnafn barnsins. (Þorsteinn Þorsteinsson 1961, bls. 8)

minna en 53. Nafnberar hvers einstaks nafns eru mjög mismunandi margir.

Nöfn sem enda á *dal* eru 4 árið 1855: Blöndal, Gröndal, Laxdal, Reykdal, auk nafna eins og *Lilliendahl og *Dal, en það síðasta mun vera danskt að uppruna.

Nöfn sem hafa *fjörð* að seinni lið eru 5 að tölu 1855: Borgfjörð, Breiðfjörð, Ísfjörð, Norðfjörð, Öfjörð.

Nöfn sem enda á *mann* geta allt eins verið útlend, en orðið er líka gamalt í íslensku og algengt sem seinni liður eiginnaframs, auk þess sem því bregður enn fyrir í vissum samböndum, "sá góði mann". Skýrsla C 1855 nefnir 5 nöfn sem talin eru íslensk: Austmann, Bachmann, Bergmann, Norðmann, Vestmann. Eitt hefur unnið sér íslenskan þegnrétt **Hoffmann*. Tvö eru talin útlend +Baumann og + Heilmann.

Nafnið Holm/Hólm er sérstætt að því leyti, að það er enn tiltölulega fágætt sem seinni liður ættarnafns, en hafði sem sjálfstætt viðurnafn fleiri nafnbera en nokkurt annað ættarnafn á Íslandi á árunum 1921-1950 (Sjá töflu P.P. hér á eftir).

Fólki til glöggvunar læt ég hér fylgja töflu um þessi nöfn. Styðst ég þar við þær skrár sem hér hafa verið nefndar, en gæta verður þess, að sum algeng nöfn vantar í skrána frá 1961, vegna þess að enginn nýr nafnberi hefur fæðst á tímabilinu 1921-1950.

Tafla 1

	-berg	-dal	-fjörð	-mann	-hólm
1855	3	4	5	5	1
1910	10	22	14	10	3
1961	53	69+	32	13	8

Þar sem tíðni ættarnafna skiptir miklu fyrir það vandamál sem hér verður reifað, mun ég birta tölur úr bók Þorsteins Þorsteinssonar 1961 um tíðni viðurnafna: Fara þær hér á eftir:

Eftirfarandi yfirlit sýnir, hvernig þessi nöfn skiptast eftir fjölda þeirra, sem bera þau, og hve miklum hundraðshluta af nöfnunum hver hópur nemur.

Tafla 2

1 maður	499	53,5%
2-4 menn	264	28,3-
5-9 -	91	9,8-
10-29 -	67	7,2-
30-49 -	5	0,5-
50-99 -	4	0,4-
100 o.fl.	3	0,3-

Samtals 933 100,0%

Yfirleitt er hvert þessara nafna borið af mjög fáum mönnum. Rúmlega helmingur þeirra er ekki borinn nema af einum manni hvert, og aðeins 7 þeirra eru borin af fleiri en 50 manns. Þau eru

Tafla 3

1. Hólm	161 manns
2. Bergmann	152 --
3. Breiðfjörð	139 --
4. Berg	65 --
5. Skagfjörð	62 --
6. Eyfjörð	58 --
7. Líndal	55 --

(Bl. 16).

IV

Saga ættarnafna á Íslandi hefur aldrei verið rituð, þó að finna megi smáglefsur hér og þar. Það helsta sem varð mér að liði í upphafi þessarar könnunar var áðurnefnd Skírnisgrein Halldórs Halldórssonar 1967, "Íslenzkir nafnsiðir og þróun íslenskra nafnaforðans", en þar er vikið nokkuð að ættarnöfnum og m.a. greint frá mannanafna-frumvörpum þeim sem flutt hafa verið á Alþingi á þessari öld.

Fátt markvert hef ég fundið um ættarnöfn í blöðum og tímaritum frá seinni hluta 19du aldar annað en grein í *Norðra* 1857 eftir ritstjóran Svein Skúlason. Greinin nefnist "Ættarnöfn og titlatog" og er hún líklega eitt af því fyrsta sem skrifað hefur verið um þetta efni. Sveinn Skúlason hafði verið lærisveinn þeirra Bessastaðamanna og lesið málfræði tvo vetur við Kaupmannahafnarháskóla, þótt ekki lyki hann prófi í þeirri grein. Ritgerðin ber því vitni að höfundur hefur orðið snortinn af anda Sveinbjarnar Egilssonar og Fjölismanna, auk þess sem hún hefur nokkurn

sögulegan fróðleik að geyma. Tel ég hana því ekki ómerkt framlag til þessara mála, og læt hér fylgja nokkrar glefsur úr þeim hluta hennar sem fjallar um ættarnöfn.

Fyrst ræðir Sveinn um þær framfarir sem orðið hafi í bókmáli Íslendinga og þakkar þær *Hinu íslenska bókmenntafélagi*, *Fjölni* og *Ármani á Alþingi*, svo og ritum Sveinbjarnar Egilssonar, Jóns Espólins og fleiri. Síðan segir hann:

Margt mætti nú reyndar fleira til tína, en það er ekki tilgangur vor í þetta skipti að hæla þessari endurfæðingu máls vors, heldur hitt, að minna þjóð vora, bókmenntamenn og alla þá, er unna þjóðerni voru á nokkur atriði í þjóðlífi voru, sem þvert á móti þessum framförum bókmálsins gjörast með ári hverju óþjóðlegri.

Það eru þá fyrst hin útlendu ættarnöfn (*Familienavne*), sem hafa fjölgað svo óðum og fjölga daglega hjer á landi, einkum á þessari öld, er vjer vildum leiða athygli lesenda vorra að. Þau eru nú reyndar fáein til orðin á næstliðinni öld, og þó einkum í lok hennar, en fleiri af hinum eldri útlendu ættarnöfnum vorum eru þá tekin eptir latínu, t.a.m. Thorlacius og hin stytta latínsku nöfn, Vidalín, Hjaltalín. Stephensens nafnið byrjar með Ólafi stiptamt-manni, og höfum vjer þó sjeð hann skrifa Ó. Stephánsson, en Magnús konfer-ensráð mun fyrst algjörlega hafa tekið það nafn upp og þeir bræður. Viðlíka gamalt er Thorarensens nafnið. En eptir að þessi fáu voru komin, spretta þau upp á þessari öld eins og mý á mykjuskán; höfum og vjer hraflað fáein saman til sýnis, og teljum vjer þá fyrst þau er enda á **sen**: (Bl. 93).

Síðan telur ritstjórinn upp ein 40 *sen*-nöfn og önnur algeng ættarnöfn, en heldur svo áfram:

Er það þá veglegra, að hnýta **sen** aptan við nafn sitt, eða heita einhver **dalur** eða **staður** en kristilegu skírnarnafni sínu? ... Þessi kaupstaðasiður er nú orðinn svo rikur, að þeir sem einlægt hafa nefnt sig og skrifað nafn sitt á íslenzku, og aldrei ætlað eða viljað eignast þetta dýrmæta ættarnafn, komast ekki upp fyrir moðreik: Pjetur Pjetursson, Jón Sigurðsson, Árni Helgason kalla sig þetta og skrifa, en þó kallar Reykjavík þá Petersen, Sivertsen, Helgesen; og ef að þeir sleppa með rjett nafn, þá sleppa þó ekki konurnar þeirra; þær mega til að heita frú Petersen o.s. frv. Þau ár, sem ritstjóri Norðra var í Kaupmannahöfn, kölluðu þó Danir hann Skúlason, en á Akureyri fær hann varla fólk til að kalla sig annað enn Skulesen, og því síður Svein eins og hann var skírður. (Bl. 95).

Í máli Sveins kemur fram, að þótt *sen*-nöfn og önnur ættar- og fegrunöfn spretti upp "eins og mý á mykjuskán" er það a.m.k. ekki eingöngu vegna fordildar einstakra manna, heldur á þar sinn þátt bæjar-bragur hinna hálfðönsku kaupstaða á Íslandi, Reykjavíkur og Akureyrar. Menn fá ekki að halda nöfnum sínum íslenskum í friði, *Skulesen* skal ritstjórinn heita, hvað sem tautar og raular. Hér virðist mér örla á

fyrsta vísi að þeirri tilgerð sem jafnan hefur fylgt beygingu ættarnafna. "Fínheitin" kröfðust þess að þau skæru sig sem mest úr íslensku máli, m.a. með því einkenni sem mest var áberandi, beygingarleysinu (ekker s í eignarfalli, jafnvel þó karlmaður bæri nafnið). Í frægum fyrirlestri 1916 segir Árni Pálsson: "Og ef svo fer einhvern tíma, að ættarnöfn sigri hér á landi, þá verður það vegna þess að þau eru "fín", en innlendu heitin "ófín". (*Um ættarnöfn* 1916, bls. 14). Árni segir, að þetta eina orð "ófín" séu menn hræddari við en nokkurt annað orð í málinu.

Þjóðræknir menn beygðu ættarnöfn hins vegar eins og þeim sýndist; gengu jafnvel lengra en eðlilegt má telja, eins og þessi bókarfregn ber vitni um: "Stutt æfiminning Sigurðar Breiðfjarðar, skálds; samið hefir Jón Borgfirðingur." (*Þjóðólfur* 31. júlí 1878).

Ekki fæ ég séð að grein Sveins Skúlasonar hafi vakið miklar umræður. Það er ekki fyrr en 1907-8 að nokkrir kunnir menn kveðja sér hljóðs svo að nokkurt bragð er að. Fyrstur reið á vaðið Guðmundur Björnsson landlæknir með fyrirlestri sem hann hélt fyrir stúdentum 21. desember 1907. Er hann prentaður í 1. hefti *Skírnis* 1908. Fyrirlesturinn ber heitið "Móðurmálið" og er haldinn í tilefni af aldarafmæli Jónasar Hallgrímssonar. Guðmundur deilir hart á sinnuleysi manna gagnvart móðurmálinu. Í upphafi ræðu sinnar vitnar hann í formála Sveins lögmanns Sölvasonar að bókinni "Tyro juris" eða *Barn í lögum*, en þar gerir lögmaður grein fyrir rithætti sínum og viðhorfum til tungumálsins:

Þar næst meðkenne eg, að hier finnast ógjarnan gömul gullaldarorð, sem nú eru komen úr Móð, og að eg þarimót hefe stundum hjálpast við þau orð, sem dregenn eður samsett eru af Dönskunni, hvað eg helld eingen spjöll ... og so sem vor Efne í flestum Greinum dependera af þeim Dönsku; því má þá ecke einnen vort Tungumál vera sömu Forlögum undiroppið.

Og Guðmundur heldur áfram:

Þessi eymdarorð bærust mönnum til eyrna á ofanverðri átjándu öld. Þjóðin var dauð úr öllum æðum; hún hafði glatað trúnni á mátt sinn og megin; þá var það talið líklegast til frama, að herma eftir erlendri þjóð, semja sig að hennar siðum, tala hennar tungu. ---

En erum við þá, sem nú lifum, sýknir saka?

Hér telur höfundur upp ýmislegt sem er ábótavant í skólakerfi og menningu þjóðarinnar. Enn er flest lært á danskar bækur, enn tala

kennarar dönskublending við lærisveina sína; og móðurmálskennslunni er haldið uppi fyrir siðasakir, eins og hálfþarfrí aukagetu. Ræktarleysi til móðurmálsins er landlægt í öllum stéttum, þó að fólk til sveita tali hreinast mál vegna einangrunar.

Guðmundur vill að stofnað sé félag til eflingar tungunni. Kjarni þess átti að vera 12 eða 18 ritfærustu menn þjóðarinnar.

Stúdentafélagið mun hafa kosið sex manna nefnd til að íhuga málið.

Svo virðist sem einhver umræða um ættarnöfn hafi farið fram um þetta leyti, því að grein sem Guðmundur Jónsson skrifaði í Skírni 1908 hefst á þessa leið: "Menn eru að hugsa málið. Skoðanir skiptast. Mig langar til að vísa veg í því, sem allir ætti að geta gengið saman."

Í grein Guðmundar er lagt til, að allir Íslendingar leggi niður hinn forna nafnsið og taki upp ættarnöfn. Telur hann ættarnöfnum margt til gildis, meðal annars það, að þau auki fjölbreytni í nafngjöfum og útrými uppnefnum, sem lengi höfðu viðgengist á Íslandi. Annars skuli öll ættarnöfn á landi hér vera af íslenskum stofni og sem fjölbreytilegust. Og til að ganga á undan með góðu eftirdæmi ritar hann nafn sitt undir greinina Guðmundur Kamban.

Um svipað leyti og Guðmundur skrifar grein sína um ættarnöfn, nánar tiltekið 7. mars 1908, heldur Magnús Helgason, siðar skólastjóri, ræðu í Flensborgarskóla. Læt ég hér smákafli úr henni fljóta með til sýnis:

Eða haldið þið, að Bergþóra hefði orðið betri húsfreyja, þó að hún hefði verið kölluð frú Thorgeirsson, eða Auður Vesteinsdóttir, þó að hún hefði heitið maddama Súrson? Setjum í Njálu "herra Thorgeirsson með frú" í staðinn fyrir Njál og Bergþóru; ég vænti að okkur fyndist Njála ekki litast upp við þá breytingu, og Bergþórusvipurinn þurkast út. Ég hugsa mér hana í brenn- unni, þegar hún svarar Flosa þessum alkunnu orðum: ek var ung gefin Njáli ok hefi ek heitið honum at eitt skyldi ganga yfir okkr bæði"; þá finst mér glögt að hún heitir Bergþóra Skarphéðinsdóttir og er íslenzk fyrirmyndar húsfreyja, borin til að standa við hliðina á Njáli með sínu eigin nafni, að fullu jafnborin og samboðin hinum besta manni landsins og vitrasta. Hugsíð ykkur Auði, þar sem hún stendur upp í kleifunum hjá manningum sínum, skógarmanninum seka, í síðasta sinn, búin til að verja líf hans móti ofureflinu. Svo lengi sem íslenzkar sögur verða lesnar mun nafnið Auður Vesteinsdóttir standa í frægðarljóma yfir þeirri mynd. Ef einhver setti nafnið "maddama Súrson" neðan undir hana, þá mundi hverjum manni finnast því klínt þar til háðungar. Svo mikill er munurinn. Á öðru tígulegur, sjálfstæður, íslenzkur gullaldarsvipur, en á hinu auðvirðilegur, húskalegur, danskur ánaudarsvipur, eða réttara sagt svipleysi. Og svo er guði fyrir að þakka, að Ísland á enn margar konur, sem bera nafn sitt með sjálfstæðri sæmd, og vonandi fækkar

þeim eigi, er þær fá rétt sinn fullan. (*Fjallkonan* 13. mars 1908).

Um þetta leyti skrifaði Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi greinar í *Lögrjettu* undir heitinu "Þjóðernismál". Þar varar höfundur við upptöku ættarnafna, og hvetur þá sem málið rita að gleypa ekki of fljótt við latmælum:

Vara þarf þá, er málið rita, við því, að vera mjög fljótir á sér að stafsetja eftir latmælum, þó að þau séu orðin nokkuð almenn. Þar eiga þeir einmitt að vera á verði, leiðbeinandi og leiðandi, til að sporna við því, að málið spillist. (*Lögrjetta* 22. júlí 1908).

Ég hygg að þessi orð lýsi nokkuð vel viðhorfi aldamótakynslóðarinnar til móðurmálsins.

Í *Norðurlandi* á Akureyri birtist grein um ættarnöfn 19. september 1908. Undirskrift: "Ólafur farmaður, Kaupmannahöfn, í júlilok 1908." Höfundur virðist fróður um þróun ættarnafna. Honum telst svo til, að 40% íslenskra ættarnafna endi á "dal", 16% á "mann" og 12% á "fjörð":

En allar þessar þrjár myndir ættarnafna verða jafnan í málinu eins og svartur lagður á hvítri gæru. Eða því eiga ekki ættarnöfn að beygjast sem aðrir partar Íslenzkunnar. Það á ekki að vera Jón Hallardal heldur Jón Hallárdalur eða Jón úr Hallárdal. Ekki Jón Vestmann heldur Jón Vestmaður (sem svo auðvitað beygist sem maður).

Höfundur virðist hlynntur ættarnöfnum að uppfylltu þessu skilyrði.

Í 1. hefti *Skírnis* 1909 birtist grein eftir Jóhannes L.L. Jóhannsson. Er hún svar við tillögum Guðmundar Kambans árið áður. Jóhannes hafnar skoðunum Kambans að flestu leyti. Honum farast svo orð:

Öll ritgjörð G. Kambans er virðingarverð tilraun til að koma á þjóðlegum ættarnöfnum í staðinn fyrir óþjóðlegu afskræmin, sem nú eru að læðast inn í landið. Höf. færir fyrirtaksgóð rök fyrir því, að ættarnafnaendingin "son" við nöfn kvenna er óhæfa og vitleysa við nöfn karla, og er því verst allra ættarnafna fyrir íslenzka tungu og hugsun. Þetta finnur líka nálega hver íslenzk sál, og einnig margir þeirra, er slík nöfn bera, svo um það verður varla þrátt. Það er ómótmælanlegt, að þetta enska "son" er enn óviðfeldnara í íslenzku og þrælslegra fyrir kvenfólkið en hið danska "sen". Hér er beint verið að særa þjóðerni sitt á viðkvæmasta stað. Að minsta kosti eru Engilsaxar oss fjarskildari en Danir, svo að eigi er fremur ástæða til í þessu efni að taka upp enska háttu en danska; hvorugt á að vera, og þó síður sú aðferðin, sem miklu meira rekur sig á fornt og nýtt mál, íslenzkt og rétt. ("Um ættarnöfn". *Skírnir* 1909, bls. 57).

Hér fær maður sem þorir að segja, hvað er rétt og hvað er rangt. Annars er grein Jóhannesar skelegg vörn fyrir hinn forna nafnsið Íslendinga, enda telur höfundurinn hann hafa átt drjúgan þátt í verndun tungunnar.

Það er athyglisvert, að flestir þeirra manna sem um ættarnöfn rita eru einhuga um það, að þau eigi að beygjast í föllum, a.m.k. í eignarfalli, og vera af íslensku bergi brotin. Þá telja margir það hina mestu ósvinnu að nota orðið *son* sem lið í ættarnafni, hvort sem karl eða kona á hlut að máli. Benda ýmsir á ókost þessa siðar fyrir ættfræðina. Þessum nöfnum hefur þó fjölgað mjög í áranna rás, einkum vegna vandkvæða í barnsfaðernismálum. Verður hér ekki farið lengra út í þá sálma.

Mjög gætir þjóðernisrómantikur í greinum þeirra sem skrifa um þetta mál um aldamótin síðustu. En til marks um það, hve þjóðinni voru þessi mál hugleikin, er það, að árið 1912 var flutt á Alþingi frumvarp til laga um nýnefni, og 1913 voru samþykkt lög um mannanöfn. Í heild eru lög þessi hagstæð upptöku nýrra ættarnafna, annarra en þeirra sem enda á *son*, *sen* og *dóttur* (Sjá nánar um þetta efni Halldór Halldórsson. *Skirnir* 1967, bls. 45 og Baldur Jónsson. *Mályrkja Guðmundar Finnbogasonar*. Rv. 1976, bls. 30-40).

Í tilefni af þessu fól Stjórnarráð Íslands í febrúar 1914 þremur mönnum, þeim Einari Hjörleifssyni skáldi, Guðmundi Finnbogasyni landsbókaverði og Pálma Pálssyni menntaskólakennara að semja "Skrá yfir orð og heiti, sem fallin þykja til að hafa að ættarnöfnum".

Álit nefndarinnar var gefið út að tilhlutan Stjórnarráðs Íslands 1915 undir heitinu *Íslenzk mannanöfn*. Lög nefndarálit og nafnaskrár. Hefur þessa nefndarálits verið getið hér á undan, enda er þar ýmsan fróðleik að finna.

Eins og kunnugt er voru nefndinni mjög mislagðar hendur í þessu starfi sínu og fá nýtileg ættarnöfn hafa upp af því sprottið, enda fékk hún eftirminnilega ofánígjöf frá Árna Pálssyni, síðar prófessor, m.a. í fyrirlestri þeim sem áður var um getið. Í nefndarálitinu farast þeim félögum svo orð:

Um beygingu ættarnafna verður máltilfinning manna að skera úr. Það leiðir af sjálfu sér, að þau nöfn sem sett eru í þágufalli eða eignarfalli, verði ekki beygd. Að vorum dómi væri það lang-æskilegast, að ættarnöfn væru alveg óbeygjanleg. Þau eru það nú í daglegu máli, þegar talað er um konur. Enginn

segir: til frú Laxdals, heldur til frú Laxdal. Hins vegar mundu menn segja: til herra Laxdals. Í þessu er ósamkvæmni, því að engin skynsamleg ástæða er til að beygja nafnið fremur, þótt það sé haft um karlmann.

Mér er ekki grunlaust um að kenning nefndarmanna um beygingu, eða réttara sagt beygingarleysi ættarnafna, hafi haft miður holl áhrif á ritvenju ýmsra mætra manna og eigi nokkra sök á þeirri óreiðu sem beyging ættarnafna er komin í. Hér stóð að verki valinn hópur íslenskra menntamanna og því ekki að undra, þótt sumum þætti kenningin álitleg. Að vísu er best að fullyrða sem minnst um þetta mál, áður en nákvæmar rannsóknir hafa farið fram, en svo virðist sem öllum hafi ekki verið nægilega ljós þýðing þess að varðveita beygingakerfi tungunnar sem best. Til marks um það er ritdeila Kristjáns Albertsonar og Bjarna frá Vogu, sem hófst vegna nafnafrumvarps þess síðarnefnda. Bjarni hafði verið höfuð-andmælandi nafnafrumvarpsins 1913, og snemma á árinu 1924 flutti hann frumvarp til laga sem gekk þvert á þá stefnu, er tekin var með nafnalögunum 1913, og jafngilti banni við ættarnöfnum. Kristján kemst svo að orði:

Tunga vor hefir, eins og önnur mál, verið að breytast frá alda öðli og fram á vora daga, orðaforðinn, málfræðin og stafsetningin. Nú kemur Bjarni frá Vogu og segir eitthvað á þessa leið: "Hingað og ekki lengra. Hjeðan af má tungan í engu breytast. Við, sem nú lifum, höfum ekki framar þann rjett, sem forfeður vorir hafa alla tíð haft, til þess að laga tunguna í hendi sjer. Engin ný orð inn í málið, engar breytingar á beygingum orða" o.s. frv. Nokkur von er, þó að ekki sjeu allir honum sammála um þetta.

Þróun allra tungna, svo langt sem henni verður fylgt, fer óhjákvæmilega í þá átt, að málfræði þeirra verður óbrotnari, beygingar falla niður eða verða einfaldari o.s. frv. Og ef feður tungu er fyrst og fremst fólgin í snild og viti þeirrar hugsunar, sem hefir myndað orðin, gert málið að líkama sínum og gefið því svip sinn, svo að hann er jafnljós og sjerkennilegur í takmörkun orðaforðans sem í valdi hans til þess að tjá það, sem bærast í mannlegum anda og sem í sjálfum hljómi málsins, hreim þess af vörum þeirrar þjóðar, sem mælir það - ef svo er, þá er það víst, að beygingarendingar eiga engan þátt í feður íslenskunnar nje annara mála, sem jeg þekki. Mun jeg því gráta þurru tárur þó að enn hverfi nokkuð af þeim úr tungu vorri.

Þegar menn hafa vanist því að segja: "Jeg var að lesa ræðuna hans Guðmundar Björnssonar í Morgunblaðinu", eða: "Hver kemur þarna með honum Vilhjálmi Gíslason?" Þegar menn hafa vanist því (í byrjun mun flestum þykja það óviðkunnanlegt), þá mun engum framar finnast tungan hafa spilst við, að þessi ættarnöfn eru látin óbeygd. (Kristján Albertson. *Löggrjetta* 8. júlí 1924).

Ritdeila þeirra Kristjáns og Bjarna er að ýmsu leyti fróðleg. Annars

vegar ungur fullhugi, sem hafði farið á fylliri í Evrópumeningunni, eins og Sigurður Nordal komst að orði um Halldór Laxness á sínum tíma, hins vegar fulltrúi hins rómantíska viðhorfs um hlutverk tungunnar, sem dugað hefur Íslendingum svo vel í blíðu og stríðu. Bjarni frá Vogu hafði fullan skilning á því, hvílikt tjón það yrði þjóðmenningu vorri að loka glugganum til fortíðarinnar. En það má segja Kristjáni til lofs, að hvergi örlar á neinum losarabrag í ritum hans að því er varðar beygingu ættarnafna. Og athyglisvert er það, að Kristján leggur seinna niður ættarnafnið *Albertson* og hallar sér aftur að hinum þjóðlega nafnsið. Táknað það ekki, að hann hafi síðar á ævinni öðlast dýpri skilning á ættarnöfnum og gildi fastheldninnar við íslenska málhefð?

Annars var það engin nylunda á þessum tíma að ættarnöfn sem enduðu á son væru höfð óbeygð. Mætti áreiðanlega finna þess mörg dæmi, einkum í auglýsingum, ef rækileg leit væri að því gerð. Eitt dæmi af handahófi verður hér látið nægja: "Var nokkuð lengi á Bíldudal við vinnu hjá Péttri Thorsteinsson og kallaður Eyjólfur sterki." (*Morgunblaðið* 2. jan. 1914).

V, 1

Höfundar nefndarálitsins 1915 bentu á að ættarnafn væri jafnan óbeygt í alþýðumáli, ef það væri borið af konu: "Til frú Laxdal" o.s.frv. Hins vegar væri jafnan sagt: "Til herra Laxdals". Í þessu þykir þeim félögum ósamræmi. Þeir gæta þess sumsé ekki, að s er karlkynsending, sem færir miður vel í nafni konu. Hér giltu því sérstök lög, sem ef til vill er torvelt að heimfæra undir málfræðireglu. Sú málvenja sem hér hafði skapast var í hæsta máta eðlileg og ráðleggingar nefndarinnar um breytingar á henni einvörðungu til ópurftar. Öll hin algengustu ættarnöfn (sjá töflur hér á undan) geta vel tekið eignarfallsendingu, að ég tali ekki um nöfn eins og Smári, Eldjárn, Hagalín og fleiri, sem flest eru gömul eiginnöfn og beygð eins og hver önnur nafnorð frá ómunatíð. Það þarf býsna mikla biræfni til að vilja skáka þessum nöfnum þversum í íslensku málkerfi.

Rök nefndarinnar fyrir því að þetta valdi ekki málsþjöllum eru þessi: "... nöfn fylgja nokkuð öðrum lögum en önnur orð málsins og verða síður

til fordæmis um beygingar, en sameiginleg nafnorð ..." Þessi fullyrðing nefndarmanna er ekki með öllu út í bláinn, en reynsla undanfarinna ára sýnir þó hve kenning nefndarinnar er varhugaverð.

Eins og kunnugt er hefur íslenska marga "umframa" þætti í beygingarkerfi sínu: Ef mörg hliðstæð orð standa saman, t.d. í eignarfalli, fá þau öll eignarfallsendingu, nema þau tiltölulega fáu nafnorð sem eru óbeygjanleg í málinu. Á þessu er háskalegt að gera miklar breytingar, ef kerfið á ekki að riðlast að verulegu leyti. Með beygingarleysi ættarnafna er vegið að þessu mikilvæga einkenni. Það hefur m.a. sannast á þeim óstöðugleika sem er áberandi í tvínefnaverfinu. Flestir munu kannast við orðalag eins og þetta: "Ég er vinkona Guðrúnar Hrund." Karlkynið fer ekki heldur varhluta af ruglingnum: "Flutt var leikrit...í þýðingu Karls Ágúst Úlfssonar." (Útvarpið 27. febr. 1986).

Á þetta mál hefur Árni Böðvarsson minnst í *Tungutaki*, Innanhúsblaði Ríkisútvarpsins einnig Guðrún Kvaran á ráðstefnu um íslenskt mál 12. apríl 1986 og nú síðast í grein í *Þjóðviljanum* 18. maí síðastliðinn. Hér virðist lítill vafi á því að hvað verkar á annað: veiklun eignarfallsendinga og beygingarleysi ættarnafna.

Mér sýnist af kynnum mínum af þessum vanda, að þeir sem hafna beygingu íslenskra ættarnafna séu einnig hirðulausir um meðferð erlendra nafna yfirleitt.

Nú er að vísu ekki sjálfgefið, að öll erlend orð fái endingar í íslenskum texta, þó að aldagömul hefð sé fyrir því að íslenska nöfn manna og staða, ef vel þykir á því fara. Erlent nafn getur verið það torkennilegt og framandi, að s-ending í eignarfalli gæti orðið að hálfgildings klúðri, jafnvel misskilist sem hluti stofns. Fyrir öllu slíku verða menn að hafa augun opin og velja þann kost sem áferðarbestur er. Þetta á einkum við um nöfn frá fjarlægum löndum. Nafngiftir nálægra þjóða eru hins vegar það áþekkar íslenskum nafnvenjum, að vandalaust er að fella mörg erlend nöfn að íslensku beygingakerfi, þegar enginn misskilningur getur af því hlotist. Flestar þjóðir sem meta mikils tungu sína hafa líka þann háttinn á. Margir íslenskir blaðamenn virðast þó ekki hafa komið auga á þetta atriði og böðlast áfram með beygingarlaus sérnöfn til stórra lýta fyrir texta sinn. Verða nú sýnd nokkur dæmi þessum orðum til staðfestingar:

a) "Mannkynssaga Grimberg byrjuð að koma út á dönsku." (*Tíminn* 11. des. 1958).⁴

b) "Á Norðurlöndum verður hennar reyndar vart...þá í verkum Svíans Elías Martin... (Kjarval. Málari lands og vætta. Rvík 1981, bls. 4).

Minna má á það, að Elíasarnafn er allútbreitt á Íslandi. Á árunum 1921-50 báru það 157 sveinar. (Sjá bók Þorsteins Þorsteinssonar).

c) "Fjáröflunarskemmtun stuðningsmanna Gervasoni." (*Tíminn* 13. jan. 1981).

Fleirkvæð og tvíkvæð erlend nöfn sem enda á *i*: Gorki, Gandhi, Mussolini o.fl. einnig nöfn eins og Stravinsky ættu að taka eignarfallsendingu, sbr. þessa setningu Árna Pálssonar í *Vöku* 1927, bls. 145: "Þessi ritgerð hefur orðið miklu lengri en til var ætlast í upphafi og verður því ekki tóm til að rita neitt um utanríkispólitík Mussolinis."

d) "...síðasta skáldsaga Boris Pasternak." (*Tíminn* 25. okt. 1958).

Hér hefðu þeir sem vanda mál sitt líklega sagt "... skáldsaga Borisar Pasternaks."

e) "Tónleikar Bitetti hófust með spænskri svítu..." (*Morgunblaðið (Mbl)* 5. júní 1985).

f) "Hér geta allir þeir sem voru á doktorsvörninni borið saman atferli þeirra hásætismanna, dr. Peter Baker, hins breska, og Íslendinganna." (*Mbl*. 3. maí 1985).

g) "Í aðalriti Paul Goodman um skóla og menntun..." (*Tímarit Máls og menningar (TMM)* 4. hefti 1983, bls. 397).

h) "Fyrstu hugmyndir John Holt..." (Sama grein. Hér ritar greinarhöfundur þetta kunnuglega nafn hvað eftir annað í eignarfalli án þess

⁴ Hér hafa endingar verið sums staðar auðkenndar með skálettri.

að bæta við það viðeigandi endingum. Sú var tíð að slíkt málfar hefði ekki fengið inni í *Tímariti Máls og menningar*.

- i) "Í anda Andersen." (*Mbl.* 26. maí 1985).
- j) "...Otto...og Zappa koma frá landi H.C. Andersen." (Sama grein).
- k) "Edda hefur fengist við stærri og smærri verkefni gegnum árin og nokkur svo ólík sem frú Makbeð í leikriti Shakespeare hjá L.R." (*Lesbók Mbl.* 11. maí 1985. Höfundur hefði átt að lesa inngangsorð að leikritum Shakespeares í útgáfu AB).
- l) "...og verður fundurinn helgaður minningu Henry Dunant..." (*Mbl.* 12. maí 1985).
- m) "Ríkarður Þriðji er eitt af vinsælustu og mest leiknu verkum Shakespeare..." (*Helgarpósturinn (HP)* 13. mars 1986. Sama eignarfall margoft í greininni).
- n) "Litir Beckmann minna talsvert á þá litameðferð, sem skín út úr fornum byzönskum bókaskreytingum..." (*Mbl.* 13. júlí 1985).
- o) "Búningar Hilary Baxter eru margir íburðarmiklir." (*Þjóðviljinn (Þjv.)* 12. mars 1986).
- p) "...upphaf að fimmta konsert Beethoven." (*Mbl.* 27. mars 1986).
- r) "Flutningur Orthulf Prunner á þessu erfiða verki..." (*Mbl.* 3. apríl 1986).
- s) "Herstyrkur þeirra var lítill í fyrstu, en yfirburðir Marcos í vopnum og mannafla nýttust honum ekki." (*HP* 27. febr. 1986. - Það er löngu kunnugt að nöfn sem enda á *es*, *os* og *us*, fá *ar*-endingu í ef. í íslensku. Sjá síðar).
- t) "Heildarhyggja hefur hingað til verið notuð um alræðisstefnur sem

rætur eiga í kenningum þýzka heimspekingsins Hegel." (*Mbl.* 23. mars 1986).

V, 2

Sá glundroði sem ríkir í beygingu íslenskra ættarnafna og erlendra mannaheita getur einnig komið fram sem kauðaskapur í meðferð skírarnafna. Hebresk nöfn hafa til dæmis alþjóðlega útbreiðslu og þess vegna fer hver þjóð með þau að sínum hætti. Sama gildir um ýmsa alþjóðlega frægðarmenn. Í góðri íslensku hefur verið farið með nafn þeirra eins og um heimafólk sé að ræða. Setur slík ritvenja kunnuglegan og ferskan svip á textann. Verða nú tínd saman nokkur dæmi, þar sem smekkvísi er ábótavant:

- a) "Öll þjáning er krossburður, eða með orðum Thomas a Kempis..." (*TMM* 1. hefti 1982, bls. 33). Hér var eðlilegast að segja "Thomasar a Kempis", einkum þegar þgf. "Thomasi a Kempis" kemur fyrir nokkrum línunum neðar.
- b) "Í tilefni aldarafmælis dönsku skáldkonunnar Karen Blixenar..." (*Þjv.* 20. apríl 1985). Hér gleymir höfundur því, að ættarnöfn kvenna eru að öllum jafnaði óbeygð. "Karenar Blixen" var eðlilegra og smekklegra.
- c) "Móðgun Reagans við Willy Brandt varð vatn á kosningamyllu Johannes Rau." (*HP* 15. maí 1985). "Jóhannesar Rau" væri ólíkt íslenskulegra.
- d) "Parr sagði að efla þyrfti kennslu í fræðum Karl Marx á forskólaaldri..." (*Mbl.* 29. júní 1985). Er þetta ekki vond meðferð á nafni gamals kunningja?
- e) "Myndin er byggð á heimsfrægri sápuóperu Judith Kranz..." (*Mbl.* 7. júlí 1985). Júdit (Judith) er tökunafn í íslensku. Það báru 9 konur samkvæmt manntalinu 1910. (Sjá Þorsteinn Þorsteinsson 1961, bls. 65) Eignarfallið "Judithar" var því ekki frágangssök.

- f) "Leikrit í tveimur hlutum, gert eftir sögu Astríð Lindgrens." (*Mbl.* 19. maí 1985). "Astríðar (eða Ástríðar) Lindgren" var betur við hæfi.

Hebresk nöfn er sjálfsagt að laga eftir íslensku beygingarkerfi.

- g) "Og hvað haldiði svo að hafi verið ofan á afmælistertu páfans *John Paul II.*?" (*Þjv.* 21. júlí 1985). Þessi blaðamaður verður a.m.k. ekki sakaður um íslenska þjóðrembu. *Jóhannes Páll* mun algengasta nafn páfans á Íslandi, enda er gömul hefð hér að íslenska nöfn páfa eins og konunga.

Stundum er sýnd viðleitni að beygja nöfn heimskunnra manna, en óheppilegar endingar valdar:

- h) "Kenningar Sigmunds Freud..." (*Lesbók Mbl.* 27. apríl 1985). Í Njálu, kafla 41, stendur: "Hallgerður var vel til Sigmundar..." Samkvæmt því færi vel að segja "Kenningar Sigmundar Freuds..."

- i) "...og sem betur fer slapp Daníel alveg ómeidd." (*Mbl.* 4. jan. 1986). Hér segir í rammagrein á forsíðu frá því, að tígrisdýr hafi ráðist á Christu Daniel. Það verkar dálítið skoplega að nota ættarnafnið en ekki skírnarnafnið í þessu sambandi. Var ekki nær að segja, að *Christa* hafi sloppið ómeidd?

Ófært er að beygja ekki erlend nöfn, þegar þau ganga eða hafa gengið sem skírnarnöfn á Íslandi. Dæmi: "Haustið 1968 var búningurinn léður Þjóðminjasafni Íslands til eins árs, mest fyrir velvild *Donald King*..." (*Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1984, bls. 52). Annað enn ljótara dæmi: "Guðmundur Jónsson fór með hlutverk *Benjamín Falk*." (*Þjv.* 1. maí 1985).

Donalds-nafn báru 2 Íslendingar á áratugunum 1921-50, og nafnið *Benjamín* þarf ekki að kynna fyrir fólki. Það báru 67 Íslendingar 1910. (Sjá Þorsteinn Þorsteinsson 1961) Hér verður að segjast sem er, að beygingarleysi slíkra nafna verkar sem málleysa á öbrjálada íslenska málvitund.

Eins og tekið hefur verið fram hér á undan, er það forn og góður siður að beygja sögufræg nöfn, eins og t.d. *Alexander*, en það er líka all-algengt skírnamn á Íslandi, eins og kunnugt er. Með því að beygja ekki þessi nöfn, erum við að afsala okkur skika af íslenskri málhelgi. Þess vegna verður setning eins og sú sem hér fer á eftir nánast ótæk í íslensku: "Besta skákin var talin viðureign sovéska skákmeistarans Alexander Beljavski og Englendingsins John Nunn ..." (*Timinn* 26. apríl 1986). Annað dæmi engu skárri: "Í norsku deildakeppninni í vetur kom þessi staða upp í skák þeirra Odd Flater ... og Einar Hamre." (*Mbl.* 11. jan. 1986).

Um hringlandann í meðferð erlendra nafna má fá gott dæmi, þar sem er nafn járnfrúarinnar bresku, Margrétar Thatcher. Mun ég sýna af því fáeinar gerðir. Dæmi:

- a) "Skuggalegasta afleiðing efnahagsstefnu *Margaretar Thatchers* er hið mikla atvinnuleysi í Bretlandi." (*Mbl.* 1. maí 1981). Hér er skírnamnið beygt og er það vel, en s-ið í seinna nafninu er vafasamt. "Margrétar Thatcher" hefði farið vel, enda hefur sú mynd nafnsins sést á síðum *Morgunblaðsins*.
- b) "Meginagrnýnin á stjórn *Margaret Thatcher* stafar af vaxandi atvinnuleysi ..." (*Mbl.* 25. maí 1985). Hér er ekkert eignarfallstákn.
- c) "...*Margaret Thatcher* hefur ekki tekist að minnka ríkisútgjöldin." (*Mbl.* 5. júní 1985). Hér var valið tækifæri til að íslenska nafnið. "...*Margréti Thatcher*" o.s.frv.

Þessa löngu þulu vil ég enda á dæmi sem ég fann fyrir skemmstu. Sýnir hún ef til vill betur en margt annað þá veiklun eignarfalls sem nú herjar á mál íslenskra blaðamanna: "Rudolf Hess, fyrrum fulltrúi og staðgengill Adolf Hitler ..." (*Þjv.* 10. júlí 1986).

VI

Vandlátir höfundar eru að jafnaði ósparir á að beygja íslensk ættarnöfn

og erlend mannanöfn til að gefa texta sínum eðlilegt íslenskt yfirbragð:

- a) "Kveðja Íslendinga til Alberts Thorvaldsens." (Kvæði ort 1838. Sjá Jónas Hallgrímsson. *Rit* I. 1929, bls. 54. Matthías Þórðarson).
- b) "Ötulleik og framkvæmdarsemi Magnúsar trésmiðs Sigfússonar Blöndals, æðsta templars stúkunnar..." (*Suðri* 31. des. 1886).
- c) "Lif Drachmanns var órólegt og staðfestumaður var hann í engu. Í bókmentunum var hann talinn undir merki Georgs Brandesar, en fór þó sinna ferða." (*Lögrjetta* 22. jan. 1908).
- d) "Síra Jón Bjarnason hefur nýlega ritað alllangt mál um Bifliuljóð síra Valdimars Briems..." (*Dagskrá* 10. apríl 1897).
- e) "Um þá lærðu Vídalína er gefið út af dr. Jóni Þorkelssyni...framan við Vísnaðver Páls lögmanns Vídalíns 1897..." (Jón Helgason. *Jón Ólafsson frá Grunnavík*, Kh. 1926, bls. 301).
- f) "Þá er að minnast aftur á það, sem mestu máli skiptir næst hinu, að kvæðið skuli ekki standa í handritum Gísla Thorarensens." (Sigurður Nordal. *Skírnir* 1944, bls. 40).
- g) "Þó að dómur Benedikts Gröndals í Dægradvöl séu ekki alltaf Salómonsdomar, hygg ég mat hans á Gísla nærri lagi." (Sama grein, bls. 41).
- h) "Af viðleitni Jóhanns Bockholts í þágu alþjóðar..." (Páll E. Ólason. *Menn og menntir* III, Reykjavík 1924, bls. 340).
- i) "Ort vegna Thomasar Manns." (Sigfús Daðason. *TMM* 1955, bls. 228).
- j) "Engin ástæða er til að ætla að marxistísku trúarbrögðin sem Lund-únaborg hefur gefið Kína reynist miður gjöful á efndir fyrirheita en gulltöflur Jósefs Smiðs..." (Hér íslenskar skáldið nafn spámannsins Josephs Smiths. Halldór Laxness í *TMM* 1958, bls. 132).

- k) "Ég vitnaði oft til ummæla Johns Fosters Dullesar um vandamál sem því væru samfara að hafa amerískt setulið á Íslandi..." (Sami í *TMM* 1957, bls. 218).
- l) "Þegar Nora Corbett drakk sig í hel, hrundi þessi smáheimur Jörgens Jörgensens til grunna." (Sjá Sverrir Kristjánsson og Tómas Guðmundsson. *Minnisverðir menn*. Rv. 1968, bls. 168).
- m) "Í augum Bertolts Brechts var stríðið ekki óumflýjanleg nauðsyn..." (Ásgeir Hjartarson. *Leiknum er lokið*. Rv. 1980, bls. 138).
- n) "...fyrir margfræga sýningu Peters Brooks." (Sama rit, bls. 172).
- o) "Heiðarbylið hans er oftast talin besta bók af 15 ára stúlkum hún stendur við hliðina á Ævintýrabókum Enídar Blyton." (Silja Aðalsteinsdóttir í *Skirni* 1978, bls. 224).
- p) "Gengið var út eftir fjörinni fyrir neðan fjallið háa eftir ógleymanlega máltíð á heimili Erlends og Moridar." (Guðrún Helgadóttir í *Þjv.* 21.júní 1986).

Þó að hér hafi verið tekin nokkur dæmi, sem eiga að sýna ósvikið íslenskt tungutak, orkar stundum tvímælis hve langt á að ganga í beygingu íslenskra ættarnafna og erlendra mannanafna. Í fleirnefnum verður oft að sigla milli skers og báru. Ég sé ekki betur en eftirfarandi dæmi séu öll frambærileg íslenska, enda er þar eingöngu um erlend mannanöfn að ræða: "Jafnaðarmenn eru ekki síður áhangendur einstaklingsfrelsis í skilningi Johns Stuarts Mill en einkareksturssinnar." (Gylfi P. Gíslason. *Sögustóðir*. Rv. 1979, bls. 181). Hér hefði þriðja s-ið í nafni Mills spillt hljómfegurð setningarinnar. Um eftirfarandi dæmi mætti fremur deila: "Á næstu árum hlaut hann upphafsfræðslu í hagfræði og las rit Adams Smith og Davids Ricardo." (Sama rit, bls. 169). Þótt sumir hefðu e.t.v. ritað "Adams Smiths" og "Davids Ricardos", munu þó ýmsir fara að dæmi Gylfa. Sjá til dæmis formála Páls S. Árdals að riti Davids Humes: *Samræður um trúarbrögðin*, bls. 18. Þar koma fyrir þessi eignarföll:

"...verk Davids Hume, Immanuel Kant og Renés Decartes." Í slíkum tilvikum verður smekkur að ráða.

VII

Sú krafa sem sett hefur verið fram í þessari ritgerð um beygingu ættarnafna í íslensku á einkum og sér í lagi við um algeng nöfn af íslenskum stofni, svo sem þau er enda á -berg, -dal, -feld, -fjörð, -hólm, -holt, -járn, -land, -mann, -stað, -stein o.s.frv. Hér mætti líka bæta við -lín, þó af latneskum stofni sé, ásamt nöfnum af írskum stofni sem enda á -an.

Ættarnöfn sem enda á sérhljóða taka yfirleitt eignarfalls-s-i nema þau sem enda á a og einstaka sinnum e, einkum ættarnöfn notuð í íslensku. Sjá um þýsk nöfn hér á eftir. Dæmi: Haarde, Löve, Waage; Zoega, Kolka. Leví (Levy) er undantekning, ein af mörgum, enda kann hér að gæta áhrifa frá Biblíunni, því að þar eru slík nöfn jafnan óbeygð. Sjá t.d. ættartölu Jesú í Lúkasar-guðspjalli.

Sum af þessum nöfnum hafa þó tekið beygingu hér áður fyrr, t.d. Löve og Waage. Nafnið *Kólka* eða *Kolka* er beygt eins og *Sturla* bæði í *Landnámu* og í *Íslenskum þjóðsögum*, sbr. líka *Kólkumýrar*. Hér eru gömul dæmi um Löve og Waage: "Áður kunni hér nál. enginn klæðskerasaum, sízt að sníða föt eftir vaxtarlagi, enn frá verkstofu Löves hefir breiðzt út kunnátta í þessu efni." (*Fjallkonan* 21. mars 1885). Og: "Tilhljálp J. Waages og fólks hans..." (*Þjóðólfur* 1871-72). Eitt nýlegt dæmi: "Evfemia sagði mér einnig, að tengdamóðir sín...kona Eggerts Waages..." (Sveinn Skorri Höskuldsson. *Gestur Pálsson* II. Rv. 1965, bls. 373).

Ættarnöfn sem enda á a beygjast ekki, eins og áður segir. Dæmi: "Með stórum framkvæmdum...má nefna útgerð Geirs Zoega." (Bréf frá Reykjavík til *Heimskringlu* í Winnipeg, 25. mars 1890. Sjá *Gestur Pálsson: Ritsafn* II, Rv. 1952, bls. 173). Og: "Háskólafyrirlestur Páls Kolka um berklaveiki." (*Mbl.* 15. nóv. 1960. "Páls Kolku" væri að sjálfsögðu mun íslenskulegra).

Íslensk tókunöfn á ó taka s í ef. Dæmi: Marínó Marínós; Ottó Ottós; Viggó Viggós. Í *Tímanum* 14. júlí 1968 var spurt í knattspyrnuþætti: "Hver á að gæta Eusebio?" Og í einu dagblaðanna hér um daginn var talað um "myndir Erró." Þetta verkar illa. Ég læt mér nægja að tína til

dæmi úr þremur ritum frá síðari árum. Þeir sem vilja kanna málið betur geta flett upp í mannkynssögubókum frá þessari öld:

- a) "...frá Cató hinum gamla til Michelangelós..." (Will Durant. *Rómaveldi* I, Rv. 1963, bls. 12).
- b) "Í Rómaborg voru til sællífismenn á dögum Fabíusar og hófsemdarmenn á tímum Nerós." (Sama rit, bls. 89).
- c) "Þessi mikla bylting gerðist að mestu leyti á ævidögum Catós..." (Sama rit, bls. 112).
- d) "...nú urðu til þau form og frasar sem sjá má í bréfum Cícerós." (Will Durant. *Grikkland hið forna* II, Rv. 1979, bls. 317).
- e) "Rit Kúsanuss...hafði úrslitaáhrif á heimsynd Brúnós." (Sigurbjörn Einarsson. *Coram Deo*, Rv. 1981, bls. 141). Þegar ég var að ljúka við að festa þessi dæmi á blað, mundi ég eftir grein Gunnars Kvarans í *Skírni* 1985: "Rými/tími í verkum Errós."

Ög hver man ekki eftir Brúðkaupi Figarós?

Eins atriðis verður enn að geta. Mennt sem annars eru vanir að beygja ættarnöfn (í eignarfalli) hafa þau stundum óbeygð, ef fallvaldurinn er forsetning. Dæmi: "Til Hallgríms Melsteð (26. jan. 1883)." (Sjá Gestur Páls-son. *Ritsafn* II, bls. 39).

Þessi málvenja er einnig kunn úr staðanöfnum. Dæmi: "...þegar Kristur mun í annað sinn inn ríða til Jerúsalem..." (*Vídalíns-postilla*. Rv. 1945, bls. 285).

Í nýjum Biblíupýðingum er algengt að "Jerúsalem" sé óbeygjanlegt orð, en meistari Jón beygir það, þegar það stendur sem eignarfalls-einkunn: "Það sýnir Jerúsalems musteri..." (Sama rit, bls. 282). Í 31. Passíusálmi standa þessi vísuorð:

Gráti þér ekki yfir mér,
ó, Jerúsalems dætur.

Í útgáfu Steingríms Matthíassonar á bréfum föður síns eru ættarnöfn oftast óbeygð á eftir forsetningunni *tíl*: "Til Steingríms Thorsteinsson", "Til David Östlund" og "Til síra Valdimars Briem." Hins vegar: "Til Benedikts Gröndals." (Matthías Jochumsson. *Bréf*. Ak. 1935).

Mér virðist s í eignarfalli ættarnafna óstöðugra ef forsetning fer á undan en ef nafnorð er fallvaldurinn. Dæmi um þetta eru gömul og flest til lítillar þryði.

- a) "Til skólastjóra Jóns A. Hjaltalín." (*Norðurland*, 25. nóv. 1905).
- b) "Til þjóðskáldsins átræða og ritsnillingsins Benedikts Gröndal..." (*Norðurland*, 6. okt. 1906).
- c) "Eins og skýrt hefur verið frá...sendu...flutningsmenn hér kæru til...Björns M. Ólsen..." (*Ísafold*, 5. nóv. 1910).
- d) "Opið bréf til Gunnars Thoroddsen." (*Tíminn*, 12. jan. 1939).
- e) "Til Jóns Norðfjörð." (*Alþingistíðindi* A 1955, bls. 46).

Hins vegar mun þessi hneigð sjaldan sjást í ritum fræðimanna. Nýlegt dæmi: "Til Bjarnar M. Ólsens." (Konráð Gíslason. *Bréf*. Rv. 1984. Mörg bréf með sömu yfirskrift).

VIII, 1

Í ritum fræðimanna og rithöfunda og í öðrum vönduðum textum voru ættarnöfn oftast beygð, ef nafnberinn var karlmaður, langt fram á þessa öld. Og sem betur fer tíðkast beyging fjölmargra ættarnafna enn í dag, þótt misbrestur sé þar á (sbr. dæmin á bls. 22-23). Endingin *sen* var

eins og gefur að skilja afar algeng, þar sem fjöldi íslenskra skálda og menntamanna hafði framast í Kaupmannahöfn. Þessi orðliður er hinn sami og -son, þ.e. "son" í íslensku og var því fylgifé hins forna germanska nafnslíðar, en breyttist nokkuð að merkingu við lögleiðingu ættarnafna. Þar sem þessi ending hefur nokkra sérstöðu í íslensku nafnakerfi mun ég taka fleiri dæmi en ella, til að sýna ríkjandi málvenju á hverjum tíma. Skál þó játað, að slíkt er gert á helst til veikum forsendum.

- a) "Því næst voru valdir embættismenn, og voru enir sömu apr tilkjörnir, nema Baldvin Einarsson varð aukaskrifari í stað Hra Jakobs Thórarensens." (*Skírnir* 3. árg. 1829, bls. 81).
- b) "Sorgleg var Drucknun Páls Thorbergsens vondur er Breidifiördur." (Bjarni Thorarensen. *Bréf*. Kh. 1943, bls. 196).
- c) "...ok grunudu þeir um vísurnar Jóhann Thómasson frá Ásgeirsá er þá var þenari Stepháns amtmanns Stephensens á Hvitárvöllum." (*Árbækur Espólíns*, XII. Deild, Kh. 1855, bls. 109).
- d) "...afi Alberts Thorvaldsens var síra Þorvaldur Gottskálksson, er var prestur á Miklabæ í Blönduhlíð..." (*Þjóðólfur*, 19. okt. 1874).
- e) "Til æfintýraskáldsins H.C. Andersens kom ég oft." (Matthías Jochumson. *Sögukaflar af sjálfum mér*. Ak. 1922, bls. 192).
- f) "Björns M. Ólsens verður framar öllu minnzt sem vísindamanns." (Sigurður Nordal. *Áfangar* II. Rv. 1944, bls. 18).
- g) "...frá elleftu öld og alltframá daga Dickens og Jóns Thoroddsens..." (Halldór Laxness, *TMM* 1945, bls. 32-33).
- h) "Ég get ekki lokið þessum fáu línunum án þess að minnast eins heimilis...sem varð honum að miklu athvarfi...En það var heimili Skúla Thoroddsens og Theodóru." (Árni Pálsson. *Á við og dreif*. Rv. 1947, bls. 81-82).

- h) "Nú hófst þriðja æviskeið Gríms Thomsens." (Jónas Jónsson. *Saga Íslendinga* VIII. bindi, Rv. 1955, bls. 231).
- i) "Prennt virðist hafa mest áhrif á Jónas Hallgrímsson á yngri árum hans: klassicismi Bessastaðamanna, kvæði Bjarna Thorarensens, Ossían". (Einar Ól Sveinsson. *Við uppspretturnar*. Rv. 1956, bls. 250).
- j) "...eitt af ágætustu verkum...Hinriks Ibsens..." (Ásgeir Hjartarson. *Tjaldidið fellur*. Rv. 1958, bls. 5).
- k) "Samtöl Matthíasar Johannessens birtist undir efnisheitinu *Í fáum orðum sagt...*" (Eiríkur Hreinn Finnbogason. *M Samtöl I*. Rv. 1983, bls. 5).
- l) "Önnu í Kærleiksheimilinu svipar til Sigríðar í sögu Jóns Thoroddsens..." (Matthías Viðar Sæmundsson í *Skírni* 1983, bls. 20).

Endingin *sen* í dæmunum hér á undan er skáletruð væntanlegum lesendum til hagræðis. Dæmin hef ég að öðru jöfnu valið úr ritum þeirra manna sem eindregnastir eru í fylgi sínu við beygingarstefnuna. Margt fleira hefði mátt tína til, en listinn er þegar orðinn yfrið langur. Dæmi um rithátt þeirra sem ekki aðhyllast beygingu ættarnafna má víða finna í þessari ritgerð, þó að fáir eða engir séu nafngreindir. eru í þeim hópi nokkrir prýðilega ritfærir menn, þó að fæstir muni þeir hafa verið jafn harðskeyttir í þessu máli og Helgi Hjörvar, að því er vinir hans og kunningjar hafa tjáð mér. Það skal enn ítrekað, sem imprað var á í formála, að markmið greinarhöfundar er að minna menn á fordæmi góðra rithöfunda og fræðimanna, auk nokkurra dæma sem ættu að vera víti til varnaðar. Af þessum sökum biðst ég engrar velvirðingar á því, þótt dæmin séu nokkru fleiri en sumum kann að virðast eðlilegt.

VIII, 2

Eins og þegar hefur verið tekið fram hafa ættarnöfn sem enda á *dal* náð geymsimiklum vinsældum á Íslandi (Sjá töflur hér á undan). Munu einna

kunnastar ættirnar Blöndal, Gröndal, Líndal, Laxdal og Nordal. En ekki hefur nýlega verið kannað hvaða nafn er borið af flestum einstaklingum.

"Blöndals-nafnið kom fyrst upp, þegar Björn Auðunarson Blöndal var erlendis...Dönum mun hafa þótt erfitt að bera fram föðurnafn hans, og kenndi hann sig þá við fæðingarstað sinn Blöndudalshóla." (Sigfús Blöndal. *Endurminningar*. Rv. 1960, bls. 4).

Eins og að líkum lætur hefur orðið *dalur* mikla tíðni í íslensku, og hafa ættarnöfn sem enda á *dal* að sama skapi mikil mótunaráhrif í málkerfinu. Flestir hafa haft þessi orð beygð í eignarfalli, þar til nú hin síðari ár að endingunni er sleppt. Nokkur dæmi hef ég þó fundið í blöðum frá fyrri hluta aldarinnar, en oftast er það í auglýsingum og fyrirsögnum eða skráum frá opinberum stofnunum, einnig í sumum mannsöguritum. Ekki er að búast við fullu samræmi í þessum efnum, eins og þegar hefur verið vikið að, þar sem engin regla hefur komið frá opinberum aðilum. Til að mynda hefur Guðmundur Finnbogason, einn nefndarmanna 1914-15 "ættarnöfn ýmist með eða án eignarfallsendingar." (Baldur Jónsson 1976, bls. 34). Verða nú sýnd hér dæmi af tíðkanlegri beygingu *dala*-nafna, þ.e.a.s. áður en fjölmiðlafárið hófst:

- a) "Til Benedikts Gröndals." (Ljóð til Benedikts Gröndals frá Þorsteini Erlingssyni. *Óðinn* II. ár 1906).
- b) "...albróðir hins þekktu heiðursmanns Eggerts kaupmanns Laxdals..." (*Norðurland*, 18. maí 1918).
- c) "Hin mikla og fræga ritdeila Sigurðar Nordals og Einars H. Kvarans hefur lengi verið í minnum höfð." (Hannes Pétursson. *Skiptar skoðanir*. Rv. 1960, bls. 5).
- d) "Ágreiningsefni Sigurðar Nordals og Einars Kvarans." (Sigfús Daðason í *TMM* 1961, bls. 62).
- e) "Sé list Gunnlaugs Blöndals af þeim einum metin..." (Björn Th. Björnsson. *Íslensk myndlist* I. bindi, Rv. 1964).
- f) "Á áttaræðisafmæli Sigurðar Nordals verður mér það fyrst að minnst

gamallar myndar sem ég hef séð af honum ..." (Kristján Eldjárn. *Mbl.* 14. sept. 1966).

g) "Mér þykir líklegt að skoðanir kunni að vera nokkuð skiptar um túlkun gestsins, Jóns Laxdals..." (Ásgeir Hjartarson. *Leiknum er lokið.* Rv. 1980, bls. 220).

h) "Skáldskapur Sigurðar Nordals varð aldrei nema aukageta með öðrum ritum hans." (Ólafur Jónsson í *Skírni* 1981, bls. 117).

i) "Þeirrar merkingar er að engu getið í orðabók Sigfúsar Blöndals..." (Bjarni Vilhjálmsson. *Orð eins og forðum.* Rv. 1985, bls. 81).

Þess skal hér að lokum getið, að í öllum afmælisritum til Sigurðar Nordals, svo og í minningarritum og tileinkunum til hans hef ég hvergi fundið eignarfallið "Sigurðar Nordal", sem sumir eru þó farnir að tíðka nú á dögum og þykir líklega "fínt".

VIII, 3

Mannanafnanefndin 1914-15 vildi síður mynda ættarnöfn af þolfalli staðarnafna vegna þess að þá fengju þau ranga eignarfallsendingu *-staðs* fyrir *-staðar*, *-fjörðs* fyrir *-fjarðar* o.s. frv. En hér gildir málshátturinn forni: "Betra er að veifa röngu tré en öngu", því að afkáralegra er það þó að ræna nafnið eignarfallsendingunni með öllu.

-fjörð:

- a) Árið 1843 áttu þeir Bólu-Hjálmar og Sigurður Breiðfjörð "samgisting" á bæ í Hrutafirði. Þegar þeir kvöddust að morgni kvað Sigurður: Sú er bónin eftir ein,
ei skal henni leyna,

ofan yfir Breiðfjörðs bein
breiddu stöku eina.

(Sjá Hjálmar Jónsson frá Bólu. *Ritsafn* I., Rv. 1965, bls. 180).

- b) "...því vér erum þess fullvissir, að það verður kærkomið inum mörgu, sem mætur hafa á kveðskap Sigurðar Breiðfjörðs." (*Fjallkonan* 24. sept. 1884).
- c) "Verkstæði Jóns J. Borgfjörðs." (*Norðurland*, 8. nóv. 1913).
- d) "Eftir að Stefán fékk lungnaberkla hófst vinátta hans og Jóhanns Skagfjörðs..." ("Um Noregsdvöl Stefáns frá Hvítadal". Jóhanna Jóhannsdóttir og Baldur Jónsson rektor þýddu. *Lesbók Mbl.* 18. maí 1985).

VIII, 4

Í manntalinu 1910 báru 6 menn Eldjárns-nafn. Ætla mætti að ekki væri ágreiningur um beygingu þessa ramm-íslenska nafns, þó að nú um skeið hafi það verið notað sem ættarnafn. Nú er þó tekið að bera á því, að eignarfallsendingu sé sleppt, jafnvel þó karlmaður beri nafnið. Dæmi:

"...og Jónaórátoríuna ... í þýðingu Þórarins Eldjárns." (*Mbl.* 16. júní 1985).

Árið 1968 var Kristján Eldjárn kjörinn forseti Íslands. Mér var forvitni á að vita, hvort dagblöðin í Reykjavík hefðu nafn hans óbeygt í eignarfalli. Svo reyndist ekki vera og er því í rauninni óþarft að sýna dæmi um þetta viðurnafn. Hér fær þó eitt að fljóta með. Ritstjóri *Vísis*, Jónas Kristjánsson, ritaði í blað sitt grein sem nefndist "Menningarvitar og aðrir vitar". Þar stendur skrifað:

"Enginn vafi er á, að töluverður hluti menningarvita vann að kosningu Kristjáns Eldjárns í embætti forseta Íslands í sumar." (*Vísir* 10. sept. 1968).

Vafalaust hafa menn viljað skrifa formlegt og vandað mál til virðingar við forsetaefnin, svo að þess er ekki að vænta að neinn subbuskap sé að finna kringum nafn þeirra. Jafnvel *Tíminn*, sem ekki var sérlega gefinn fyrir beygingar ættarnafna, skrifar fullum fetum "Gunnars Thoroddsens" og "Kristjáns Eldjárns", meðan á slagnum stóð.

Eldjárn er eitt af þeim fáu ættarnöfnum sem sjaldan eða aldrei finnast óbeygð í eignarfalli, ef frá eru talin nokkur nýleg dæmi í dagblöðum, auk tveggja annarra sem ég rakst á af tilviljun á heldur ólíklegum stöðum: Annað í nmgr. í *Árbók Hins isl. fornleifafélags* 1984, hitt í *Hvarstæðu* prófessors Gunnars Karlssonar 1981.

Eins og *Eldjárn* beygjast ættarnöfnin *Hlújárn* og *Hólmjárn* og öll önnur nöfn sem hafa *járn* að seinni lið. Er þar skemmst að minnast sómamannsins Eggerts Eggjárns, sem kemur fyrir í *Pókók*, leikriti Jökuls Jakobssonar. (Sjá Friðu Á. Sigurðardóttur. *Leikrit Jökuls Jakobssonar*. Rv. 1980).

VIII, 5

Ættarnöfn sem enda á *mann* eru 13 í skrá Þorsteins Þorsteinssonar 1961. Skírnarnöfn sem enda á *mann* eru 22. Berar einstakra nafna eru mismunandi margir, allt frá einum upp í 215 (Hermann). Þau ættarnöfn sem enda á *mann* og hafa flesta nafnbera eru: Bachmann 22, Bergmann 152 og Vestmann 25.

Hér er átt við þá sem fæddir eru á árunum 1921-50.

Nú kann einhver að spyrja: Á það að skipta máli fyrir beygingu nafnsins, hvort það er fyrri nafn eða hið síðara? (Að vísu er uppruni þessara nafna eilítið mismunandi, en það virðist mér einu gilda). Er það ekki líklegt til að valda ruglingi, ef annar flokkur þessara nafna er beygingarlaus, hinn ekki? Mörk eru oft óglögg milli flokkanna, t.d. voru þrír sveinar skírðir Bergmanns-nafni á árunum 1921-50. Stundum eru líka gömul ættarnöfn fengin að láni sem miðnafn í fleirnefnum.

Setjum nú svo, að drengstaula væri ekki hægt að feðra, og hlyti hann nafnið Björn Dalmann Hansson. Í uppvextinum gerðist hann skáld og gæfi út ljóð undir nafninu *Björn Dalmann*. Þar sem Dalmann var upphaflega skírnarnafn, hafði eignarfallið í nafni hans ávallt verið "Björns Dalmanns". Með því að gera nafnið að skálds- eða ættarnafni flest er látið ótalið í

nafngiftum Íslendinga mundu ýmsir fara að tala og rita um "ljóð Björns Dalmann". Öll blöð og tímarit gætu vart vatni haldið af hrifningu yfir hinum yndisfögru ljóðum Björns Dalmann! Skyldi einhver fáfróður unglíngur ekki hafa ruglast í ríminu af minna tilefni?

Í gömlum blöðum og bókum sýnist mér það afar sjaldgæft, að ættarnöfn sem hafa *mann* að seinni lið séu ekki beygð í eignarfalli. Dæmi:

- a) "Svar til Friðriks Bergmanns" (*Sunnanfari* 1896, bls. 75).
- b) "Vér leyfum oss að prenta hér upp dálitinn kafla úr hinni ágætu bók síra Fr. J. Bergmanns..." (*Norðurland* 13. apríl 1907).
- c) "Nýfrétt er frá Khöfn lát Jóns kaupm. Norðmanns frá Akureyri ..." (*Ísafold* 1908, bls. 122).
- d) "*Skáldalaun Jóns Bergmanns*. Ort þegar bók Jóns "Ferskeytlur" kom út." (Kolbeinn Högnason. *Stuðlamál*. Rv. 1925, bls. 85).
- e) "Guðrún Jónsdóttir ... Skáld. Systir síra Jóns Vestmanns í Móum." (Páll Eggert Ólason. *Íslenskar æviskrár* II. Rv. 1949, bls. 198).
- f) "... og styrkleiki Karnabæjar hefur löngu (svo) þótt vera nef Guðlaugs Bergmanns fyrir því hvað það er sem þessi markaður vill ..." (*Mbl.* 30. maí 1985).

Eins og áður greinir hef ég ekki rekist á mörg dæmi þess, að nöfn af gerðinni Bachmann, Norðmann, Vestmann séu höfð endingarlaus í eignarfalli, en í seinni tíð hefur þetta þó ágerst nokkuð. Í hljóðvarpi 28. mars 1985 heyrði ég svofellda kynningu:

"Nú verður flutt Þiðurhreiddrið í þýðingu Árna Bergmann." (Hermt eftir minni en nafnið var skýrt og greinilega borið fram).

Í *Mbl.* 30. júlí 1985 stóð þessi setning:

"Föðurfólk Helga Austmann kom til fyrirheitna landsins í vestri frá Setbergi í Fellum."

Þegar nöfn með "mann" að seinni lið sem eðli sínu samkvæmt ættu að hafa stuðning af eignarfalli orðsins *maður* eru vönuð á þennan hátt, þarf engan að undra þótt fleira bili.

VIII, 6

Forfeður Hannesar Hafsteins rituðu eftirnafn sitt *Havsteen* að dönskum hætti. Hannes er, að því er séð verður, fyrstur manna til að gefa því íslenska mynd; og á titilblaði tímaritsins *Verðandi* Khöfn 1882 ritar hann það fullum stöfum *Hannes Hafsteinn*.

Það nafn sem hann bar síðar á ævinni, *Hannes Hafstein*, í eignarfalli *Hannesar Hafsteins*, er svo frægt og skorðað í kunnum söguritum að óþarft ætti að vera að tína til dæmi um beygingu þess, en þar sem allnokkrir menn hafa komið sér upp eigin rithætti ætla ég að sýna fáeinar fyrirsagnir og smáglefsur úr gömlum blöðum.

- a) Í *Suðra* Rv. 1883 31. mars stendur kvæði á forsiðu, undirritað "Hannes Hafsteinn".
- b) "Hjer roðar fyrir því, sem síðar ber svo mikið á í kveðskap Hannesar Hafsteins, enn það er karlmennska og afl." (Björn M. Ólsen. *Óðinn* 1905, bls. 13).
- c) "Þegar Alþingi ... kom saman ... fyrir 10 dögum var það á allra vitund að ráðgjafadagar Hannesar Hafsteins væru taldir." (*Norðurland*, 20. mars 1909).

Árið 1909 eða um það bil verður *Norðurland* ruglað í beygingu ættarnafna og ritar þá til skiptis: "Ræða Hannesar Hafsteins" eða ... Hannesar "Hafstein".

Tómas Guðmundsson skáld sá um útgáfu á verkum Hannesar undir heitinu *Ljóð og laust mál*, Rv. 1968. Formáli hans gæti verið hollur

lestur þeim sem óska fræðslu um réttan rithátt á nafni fyrsta ráðherra Íslands.

Árið 1970 tók Jóhannes úr Kötlum saman lítið kver sem hann nefndi *Gullreyn úr Ijóðum Hannesar Hafsteins* (Rv.).

Höfuðrit og heimild um Hannes Hafstein er ævisaga hans eftir Kristján Albertsson 1961. Ég hef hvergi fundið endingarlaust eignarfall í nafni skáldsins í því riti. Af öðrum merkjum heimildum mætti nefna *Stjórnarráð Íslands 1901-1961* eftir Agnar Kl. Jónsson, Rv. 1969, og *Sögu Íslendinga* 9da bindi, Rv. 1958, eftir Magnús Jónsson.

VIII, 7

Vidalín er talið elst íslenskra ættarnafna, eins og að framan segir. Vísa ég þeim sem rétt vilja fara með beygingu nafnsins til bókar Jóns Helgasonar um nafna sinn frá Grunnavík, en þar ber nafn þeirra Vidalína oft á góma. Verða fáir einir höfundar til viðbótar kvaddir hér til vitnisburðar.

- a) "Gudmundr Steindórsson héldt Hunavatns sýslu hálfa, ... enn Gudbrandr, son Arngríms prófasts lærda, fékk þann hlut aptr, hann var fadir Þorláks Vidalíns, þvíat Arngrímr prófastr hafði fyrstr Vidalíns nafn, ok þaðan hafði þat Jón biskup, sonarsonr hans, ok Páll dóttursonr hans. (*Árbækur Espólins* VII. Deild. Kh. 1828).
- b) "*Ný útgáfa af húspostillu meistara Jóns Vidalíns ...*" (*Þjóðólfur* 1854, bls. 230).
- c) "*Æfi Páls sál. Vidalíns*" (*Þjóðólfur* 12. ág. 1874).
- d) "Til sölu hjá útgefanda Fjallkonunnar: Ræða Jóns Vidalíns um hina ranglátu dómara ..." (*Fjallkonan* 29. júní 1889).
- e) "*Útsiglingarvísa* herra lögmannsins Páls Jónssonar Vidalíns Anno 1715." (*Sunnanfari* 1898, bls. 86).

Espólín

- a) "Hvörnin lítst þér á Árbækur Jóns Sýsslumanns Espólíns?" (Bjarni Thorarensen: *Bréf*. Kh. 1943, bls. 159).
- b) "Þeir urðu samferða einu sinni ... Jón sýslumaður Jakobsson, faðir Jóns Espólíns ..." (*Sunnanfari* 1900, bls. 96).
- c) "Aðalheimildirnar um ævi og störf Jóns Espólíns eru Árbækurnar og ævisaga hans ..." (Árni Pálsson. *Á við og dreif*. Rv. 1947, bls. 191).

Hjaltalín

- a) "... Mér og mínum líður bærilega, lof sé guði. Enginn hefir hér nafnkenndur burtkallast utan Madame Guðrún í Saurbæ, kona sr. Jóns Hjaltalíns ..." (*Konur skrifa bréf*, Rv. 1961, bls. 15).
- b) "*Grasafærði Odds Hjaltalíns* er beðið um til kaups." (*Fjallkonan* 29. maí 1886).
- c) "... en móðir hans var Guðrún Oddsdóttir, systir séra Jóns Hjaltalíns." (*Sunnanfari* 1896, bls. 65).
- d) "... og Ólafur Davíðsson frá Hofi, sem hefur fengist við kennslu ... í stað Jóns skólastjóra Hjaltalíns ..." (*Norðurland*, 29. mars 1902).
- e) "Fór ég loks til landlæknis Jóns Hjaltalíns ..." (Matthías Jochumsson. *Sögukafar af sjálfum mér*. Ak. 1922, bls. 140).
- f) "Þótt saga Þorsteins Illugasonar Hjaltalíns ... sé æði ævintýrakennð ..." (Björn Th. Björnsson: *Íslensk myndlist* I. Rv. 1964, bls. 20).
- g) "Faðir Jóns A. Hjaltalíns var séra Andrés Hjaltason ..." (Tryggvi Gíslason: *Saga Menntaskólans á Akureyri*. I. bindi 1981, bls. 29).

Hagalín

- a) "Útgefandi þessarar bókar lætur þess getið í lesmálsdálki á umslagi hennar, að þetta sé 21. bók Guðmundar Hagalíns." (*Helgafell* 1944, bls. 367-68).
- b) "Blítt lætur veröldin var nefnd þegar hún kom út ein af best gerðu stærri skáldsögum Guðmundar Hagalíns." (Eiríkur Hreinn Finnbogason. *Fréttabréf AB* 5. tbl. 1979).
- c) "Hann hét Óskar Aðalsteinn Guðjónsson og var mikill aðdáandi Guðmundar Hagalíns ..." (Hannes Sigfússon. *Flökkulíf*, Rv. 1981, bls. 170).

Thorkelín

Ættarnafnið Thorkelín er útdautt á Íslandi eftir því sem ég fæ séð, en hvort Grímur leyndarskjalavörður hefur eignast afkomendur í Danmörku, um það er mér ekki kunnugt.

- a) "*Visur síra Gunnars Pálssonar* til Gríms Thorkelíns, þegar Grímur var gerður prófessor." (*Sunnanfari* 1913, bls. 83).
- b) "Bjarni kom líka á heimili Gríms Thorkelíns leyndarskjalavarðar, ..." (Jón Helgason: *Æviágrip Bjarna Thorarensens* fyrir *Ljóðmælum* I. Kh. 1935, bls. IX).
- c) "Það virðist ekki geta leikið vafi á því, að þýðing þeirra Gríms Thorkelíns og Heuslers sé réttari." (Ólafur Lárússon. *Byggð og saga*. Rv. 1944, bls. 296).

Thorlacius - Tulínús

Ættarnafnið *Thorlacius* mun litlu yngra en Vídalín. Það er dregið af nafni Þorláks biskups Skúlasonar og má því hafa verið borið fram "Thorlakíus" í fyrstu. Um beygingu þess var margt til. Í fyrsta lagi var nafnið stundum

hneigt eftir latneskum beygingarreglum, eignarfall *Thorlacii*. Í öðru lagi var það beygt eins og nöfnin Magnús, Markús og Sigfús, sbr. vísu Gríms Thomsens í *Hemings flokki Áslákssonar*: "Magnúss bein und rúna rotna hellu".

Í þriðja lagi beygðist það eins og latnesk orð sem enda á *-us*, t.d. *Tacitus*. (Sjá formála Páls Sveinssonar fyrir *Germaníu*, Rv. 1928: "Á dögum Tacitusar⁵ var stjórnarfarid í Rómaborg ærið skrykkjótt ..." (bls. 4). Um beygingu á grískum og latneskum nöfnum, sjá "Lærdómsrit bókmenntafélagsins".

- a) "... þarad Process er í Vændum milli Tengdaföður míns og Thorlaciusar Sona." (Bjarni Thorarensen. *Bréf*. Kh. 1943, bls. 185).
- b) "Pétri biskup ... lærði undir skóla ... hjá síra Einari Thorlaciusi í Saurbæ." (*Fjallkonan* 19. maí 1891).
- c) "6. jan. Prettándi jóla ..." "Gekk ég upp til etazráðs Thorlacii ..." (Úr ferðarollu Magnúsar Stephensens konferenzráðs 1825-26. Sjá *Sunnanfara* 1901).
- d) "Þegar fregnin um miljónafélag Túliníusar ..." (*Fjallkonan* 28. júní 1907).
- e) "Það er harla einkennilegt, að sömu mennirnir sem reru undir mótstöðunni gegn Túliníusi ..." (Sama gr. bls. 103).
- f) "Vísur Skúla Thorlacíuss ... ásamt þýðingu Bjarna Thorarensens á þeim." (*Sunnanfari* 1914, bls. 10).
- g) "Haustið 1968 kemur út Liffraði I eftir P. B. Weisz í þýðingu Örnólfs Thorlacíuss." (Gísli Jónsson. Heim í Hörgárdalinn. Saga *Menntaskólans á Akureyri* II. Ak. 1981, bls. 156).

⁵ Annars notar Páll oftast eignarfallsendinguna Tacituss í þýðingum sínum.

- h) "... en þau unnu þá bæði á Akureyri á vegum hins mikla athafnamanns Ottós Tulínúasar ..." (*Mbl.* 6. apríl 1986).

Briem

- a) "Tímanleg og eilíf velferð vor veltur á því, að almenningur geri meiri kröfur til þeirra manna, sem hann hefur falið forsjá helgustu siðferðismála, heldur en vesalings á borð við mig, er ekki hefir valið sér hærri stöðu í lífinu en að safna orðum og kenna málfræði Halldórs Briems." (Þórbergur Þórðarson. *Pistilinn skrifaði.* Rv. 1933, bls. 70).
- b) "Faðir hans var Eggert Briem, ... sonur Gunnlaugs Briems ... sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu, er tók sér fyrstur ættarnafnið Briem, eftir Brjánslæg á Barðaströnd ..." (*Eiríkur Briem prófessor eftir Guðmund G. Bárðarson. Merkir Íslendingar. Nýr flokkur.* III. b. Rv. 1964, bls. 211 og áfr.).
- c) "... eg hefi enga bók sent vestar en til Patreksfjarðar, svo eg verð að niðast á þér bróðir minn og biðja þig að ráðstafa skruddunum til Eggerts Briems" (Brjef frá Páli Melsteð til Jóns Sigurðssonar. Kh. 1913)
- d) "Svar til herra Páls Briems" (Hannes Hafstein í *Fjallkonunni* 12. febr. 1888).
- e) "Kafli úr ræðu Páls amtmanns Briems" (*Norðurland* 14. júní 1902).
- f) "Vígsla síra Valdimars próf. Briems til vígslubiskups ..." (*Ísafold* 31. ág. 1910).
- g) "Ólafur var því systursonur Valdemars vígslubiskups og skálds Briems að Stóra-Núpi ..." (Einar Arnórsson í formála að *Galdur og galdramál á Íslandi.* Rv. 1943, bls. I).
- h) "Þessar bækur eru fyrstu guðspekirit á íslensku. Má þar sjá m.a.

nöfn Páls Briems amtmanns ..." (Pétur Pétursson. *Saga*, tímarit sögufélags. Rv. 1984, bls. 105).

Nokkur dæmi hef ég úr gömlum blöðum, þar sem Briem er haft endingarlaust í eignarfalli. Jafnvel í vönduðum yngri ritum kemur þetta fyrir. Dæmi:

"Það varð nú að nokkru leyti hlutskipti Jóhanns Briem." (Björn Th. Björnsson. *Íslensk myndlist* II. b. Rv. 1973, bls. 113).

Steinn Steinarr átti orðaskipti við Jóhann Briem um list Porvalds Skúlasonar í Tímaritinu *Helgafelli* 1942. Fyrirsögnin var: "Svar til Jóhanns Briem".

VIII, 8

Í þessari ritsmið minni hefur flokkun nafna orðið nokkuð í skötulíki: íslensk ættarnöfn, tökunöfn og aðskotanöfn, eins og Hermann Pálsson nefnir þau, öll sett undir einn hatt, ef svo vill verkast.

Í þessum síðasta lið kafla IX ætla ég að víkja að nokkrum nöfnum sem þýðingu hafa fyrir beygingu ættarnafna í heild, án þess að sú umfjöllun sé nema ádrepa ein, líkt og flest annað á þessum blöðum.

A. Ættarnöfn sem enda á *an* beygjast líkt og Kjartan nema þgf. er endingarlaust. Dæmi: Austan, Bjarkan, Bjarman, Feilan, Kamban, Kalman, Kvaran o.fl.

Þau nöfn sem tekin voru upp samkvæmt tillögum mannanafnanefndarinnar 1914-15 heyra líka þessum flokki: Brekkan, Fossan, Hagan, Kaldan, Markan, Seljan, Skagan. Hér táknar endingin *-an* frá frá Haga, frá Mörk, frá Seli og svo framvegis.

Nokkur dæmi úr rituðu máli:

a) "Helgafell vottar fjölskyldu Guðmundar Kambans einlæga samúð sína." (*Helgafell* 1945, bls. 3).

- b) "... í annan stað virðist þýðing Skúla Bjarkans lipur og vel unnin." (Ásgeir Hjartarson. *Tjaldíð fellur*. Rv. 1958, bls. 51).
- c) "... og ber smekkvísi leikstjórans, Ævars Kvarans, gott vitni ..." (Sama rit, bls. 252).
- d) "Yfir þessari grein hvílir sú sannfæring ..., sem einkenndi skrif Einars H. Kvarans ..." (Pétur Pétursson. *Saga*, tímarit Sögufélagsins 1984, 115).

B. *Melsteð* (Hjaltested, Ringsted)

- a) "*Nokkrar tækifærisvísur. Eftir minni Páls Melsteðs.* (Sunnanfari 1900, bls. 96).
- b) "*Endurminningar Páls Melsteðs.* Ritaðar af honum sjálfum ..." (Kh. 1912. Þær eru færðar í letur seint á 19du öld).
- c) "... helzt fundum við til hlýrra áhrifa af kirkjusögufyrirlesturum Sigurðar Melsteðs ..." (Matthías Jochumsson. *Sögukaflar af sjálfum mér*. Ak. 1922, bls. 163).
- d) "Veraldarsaga Páls Melsteðs var samin í hinum þjóðlega sögustíl." (Jónas Jónsson. *Saga Íslendinga*. Rv. 1955, bls. 437).

C. *Scheving* er í eldri ritum stundum stafsett "Skeving". Það virðist hafa beygst frá upphafi, eignarf. "Schevings". Dæmi:

- a) "*Kveðja skólapilta til Dr. H. Schevings 1. nóvemberm. 1850.*" (*Þjóðólfur* 1851, bls. 235).
- b) "*Vísu Guðmundar Schevings að sömdum dómi í Sjöundármálinu*" (Magnús Ásgeirsson. *Þýdd ljóð* VI. Rv. 1941, bls. 163).
- c) [Bassabáturinn] "Þótt verk þetta virðist fljótt á titið harla ólíkt því

sem síðar varð í list Gunnlaugs Schevings ..." (Björn Th. Björnsson. *Íslensk myndlist* II., bls. 52).

- d) "... Gísli Rúnar Jónsson í hlutverki Guðmundar Schevings sýslumanns, ..." (Sigurður Hróarsson. *Lesbók Mbl.* 17. maí 1986).

Mér sýnist tiltölulega skammt síðan gagnrýnendur Reykjavíkurblaðanna tóku að afrækja beygingarendinguna í þessu nafni.

D. Hjörvar Rafnar Snævarr Steinarr (dulnefni)

Halldór Halldórsson prófessor hefur sagt mér að deilt hafi verið um beygingu ættarnafna þegar í hans ungdæmi. Hins vegar hefur mér ekki tekist að finna neinar ritsmiðar frá andmælendum beyginga, aðrar en þær sem hér hafa verið nefndar. Helgi Hjörvar, merkur rithöfundur og frægur upplesari við Ríkisútvarpið, er sagður hafa verið heitur andstæðingur slíkra beyginga eins og fyrr er getið. Um þetta segir Árni Böðvarsson í *Tungu-taki* (Húsblað Ríkisútvarpsins, 1. h. 1984, bls. 3):

Líklega þykir engum vafi á því að beygja skuli íslensk mannanöfn, og þá bæði eða öll nöfnin ef um fleirnefni á sama manni er að ræða, svo sem *Hallfreður Örn*, þgf. *Hallfreði Erni*, ef. *Hallfreðar Arnar: Arna Hrönn*, Örnur Hrannar. Almennt mun litið svo á að rétt sé að beygja ættarnöfn karla í eignarfalli þótt margir láti það ógert: *Þorvalds Thoroddsens*, *Sigurðar Nordals*, *Kristjáns Eldjárns*. Annars eru sum ættarnöfn í sjálfu sér eignarföll og breytast þá að sjálfsögðu ekki (*Leifs*, *Eyfellis*, *Thors* o.fl.). Þess ber þó að geta að sumir eru algerlega andvígir allri beygingu ættarnafna og vilja hafa þau undantekningu í íslensku. Minnst ég í því sambandi þess að nokkrum sinnum deildi ég af hörku um þetta við hinn mikla og góða íslenskumann Helga Hjörvar, útvarpsmanninn sem allir miðaldra Íslendingar og eldri muna. Hann harðneitaði að beygja ættarnöfn, og af virðingu við minningu hans beygi ég ekki ættarnafnið þegar ég tala um hann. Skoðun mín í þessu efni er þó óbreytt, og mér þykir gott að í kynningu útvarps og sjónvarps er nú talað um *Ferðabók Þorvalds Thoroddsens* þótt á vörum almennings sé hún að staðaldri nefnd *Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen*."

Eins og sjá má fara skoðanir okkar Árna Böðvarssonar saman í flestum greinum, þótt ekki sæi ég málagn hans fyrr en haustið 1985. En að sjálfsögðu rökstyður hann skoðun sína með öðrum og kurteislegri hætti en hér er gert. Ekki fæ ég hins vegar séð að nafni Helga Hjörvars sé neinn sómi sýndur með því að undanþiggja það "lögum íslenskrar tungu".

Mun ég nú sýna dæmi úr ritmáli um beygingu þessara viðurnafna.

- a) "Kaflinn, sem ég vel að sýnishorni, er úr fyrrnefndri grein Helga Hjörvars í septemberhefti Helgafells." (Björn Guðfinnsson. *Helgafell* 1943, bls. 66).
- b) "Eru skrár þessar að mestu verk Jónasar J. Rafnars." (Bjarni Vilhjálmsson. *Orð eins og forðum*. Rv. 1985, bls. 159).

Helgi Hjörvar hafði á sínum tíma komið Hannesi Sigfússyni á framfæri í Ríkisútvarpinu. Hannes mun hafa kunnað skaplyndi Helga, og því er ekki að undra þótt viðurnafn hins síðarnefnda standi óbeygt í *Flökkulífi* Hannesar 1981. "Hið eina sem gerðist var að sprengjur loftvarnabyssanna sundruðust ... og sprengjubrotin féllu yfir húsapökin. Eitt þeirra smaug gegnum þakið á húsi Helga Hjörvar hans sem kynnti mig í útvarpi fyrir þjóðinni á sinni tíð " (bls. 157).

Þess má geta, að 13 sveinar báru skírnarnafnið Hjörvar á árunum 1921-50.

Steinn Steinarr mun líklega hafa ætlast til að dulnefni sitt væri ekki beygt. Í Nýju Helgafelli 1956 stendur þessi auglýsing á kápu:

"Ljóðasafn Steins Steinarr er komið út ..."

"Ljóð eftir Stein Steinarr" stendur líka á titilblaði *Ferðar án fyrirheits*. Þessu hefur Kristján Karlsson haldið í heildarútgáfu á verkum skáldsins 1964. Formáli hans hefst á þessum orðum: "Þetta safn er heildarútgáfa á verkum Steins Steinarr, ..."

Hins vegar beygir Kristinn E. Andrésson nafn skáldsins í eignarfalli.

"Hér má þegar heyra rödd efasemdar, sem síðar verður eitt höfuð-einkennið á ljóðum Steins Steinars." (*Íslenzkar nútímabókmenntir*. Rv. 1949, bls. 142).

Halldór Laxness skrifar 1958:

"Heimur Steins Steinars er býr í ljóði hans mun verða síðari mönnum umhugsunarefni." (*Af skáldum*. Rv. 1972, bls. 204).

E. Löve, Waage Dante, Goethe, Heine

Áður hefur verið vikið að viðurnöfnum sem enda á e og sýnd dæmi um það, að nöfnin Löve og Waage áttu til að bæta við sig s í eignarfalli. Það mun sjaldgæft nú. Hér verða því sýnd nokkur dæmi um þann rithátt sem algengastur er og nafnið Waage valið sem samnefnari íslenskra nafna sem enda á e.

- a) "Það er því ekki óeðlilegt, þótt hugur Indriða Waage beindist snemma að leiklist." (*Óðinn* 1927, bls. 55).
- b) "Þó að íslensk leiklist sé ung að árum er Indriði alinn upp við arin hennar og sannnefnt leikhús barn: sonur hins snjalla leikara Jens Waage, ..." (*Ásgeir Hjartarson. Leiknum er lokið*. Rv. 1980, bls. 63).

Erlend ættarnöfn sem enda á frambornu e (einkum ef frægir menn eiga í hlut) bæta við sig s í eignarfalli í íslenskum texta, þegar þau standa sjálfstæð. Dæmi:

- c) "Það má segja að sjálfsafneitandi hlutlægi sé regla forns skáldskapar Vesturlanda framtil Dantes." (Halldór Kiljan Laxness. "Minnisgreinar um fornsögur", *TMM* 1945, bls. 20).
- d) "Mannshugsjón Goethes um alhliða persónulegan þroska ..." (Kristinn E. Andrésson. "Thomas Mann", *TMM* 1955, bls. 261).
- e) "Hugmyndina í kvæðið (Söknuð) hefur Jónas sótt til Goethes ..." (Einar Ól. Sveinsson. *Við uppspretturarnar*. Rv. 1956, bls. 254).
- f) "Í handritum sem fundust í fórum Heines ..." (Sverrir Kristjánsson. "Heinrich Heine", *TMM* 1956, bls. 125).

Ef skírarnafn fer á undan, fellur s oft niður:

"...og þar er hann settur á skrifstofu í fyrirtæki Salómós Heine, föðurbróður síns." (Sverrir Kristjánsson. Sama ritg., bls. 124).

Ef nafnið er ekki hluti af hinum almenna þekkingarforða þjóðarinnar, eins og í undanfarandi dæmum, getur eignarfallsending verið vafasöm. Dæmi:

"Vinstri stjórn Lange tekur upp markaðsstefnu á Nýja Sjálandi." (Mbl. 8. júní 1985).

Hér er átt við David Lange, forsætisráðherra Nýja Sjálands. Er maðurinn nógu kunnur til að nafn hans þoli endingu, eða hefur blaðið valið besta kostinn?

Annað dæmi af sama tagi: "... undir forustu Obote ..." (Tíminn 9. jan. 1981).

Hér hefur smekkur síðasta orðið.

Ég vil ljúka þessum kafla með því, að sýna nokkur dæmi um beygingu ættarnafna, þegar kona er nafnberinn. Eins og tekið hefur verið fram, mun það hafa tíðkast í fyrstu, að ættarnöfn fengju eignarfallsendingu, einnig í því tilviki, og enn munu ýmsir góðir höfundar halda þessum sið, a.m.k. endrum og eins.

- a) "Lát Sr. Marcúsar í Görðum og Madm. Rannveigar Sivertsens muntu vera búinn að fréttu ..." (Bjarni Thorarensen. Bréf. Kh. 1943, bls. 166).
- b) "En þegar það er um leið haft í huga, ... verður það hreint ekki fráleitt, að fleira en kuldinn í stofum Hannesar Johnsens kunni að hafa rekið Arthur Dillon til að leita hlýjunnar í híbýlum Sire Ottesens." (Tómas Guðmundsson. Sjá *Mannlífsmyndir*. Rv. 1969, bls. 166).
- c) "Það vekur furðu hversu sköpum Guðrúnar Hjaltaíns virðist skipt

eftir að hún kemur að Möðruvöllum." (Tryggvi Gíslason. *Saga Menntaskólans á Akureyri*. Ak. 1981, bls. 38).

d) "Auður ... er móðursystir Guðbjargar Thoroddsens leikara." (*Þjóðviljinn* 14. júlí 1985).

Hitt er þó mun algengara að ættarnafnið sé ekki beygt, og næsta sjaldgæft er það í blöðum nú á dögum, þegar kona ber nafnið. Dæmi úr ýmsum áttum:

a) "Þýðing Ernu Geirdal er nákvæm og viðfelldin ..." (Ásgeir Hjartarson. *Leiknum er lokið*. Rv. 1980, bls. 37).

b) "Í sögu Torfhildar *Holm* hlær Magnús þegar hann svívirðir Þórdísi." (Eiríkur Jónsson. *Rætur Íslandsklukkunnar*. Rv. 1981, bls. 30).

c) "Sagt er að í kvæðinu *Þið sjáist aldrei frammar* sé Steingrímur einnig að yrkja til Guðrúnar Thorstensen" (Tryggvi Gíslason. *Saga Menntaskólans á Akureyri*. Ak. 1981, bls. 31).

d) "Hlutverkin í leiknum ... er í höndum Kristbjargar *Kjeld* ..." (*Tíminn* 25. jan. 1981).

e) "Í bókun Ingibjargar Hafstað ..." (*Þjóðviljinn* 7. maí 1985).

f) "... en ég vísa til greinar Beru Nordal ..." (*Mbl.* 8. maí 1985).

g) "Nú stendur yfir ... sýning á verkum Sigrúnar Eldjárn." (*Mbl.* 16. maí 1985).

IX

Þegar Guðmundur Kamban stakk upp á því í Skírni 1908, að allir Íslendingar tækju upp ættarnöfn, var hugsun hans sú, að þeir losuðu sig við erlendu ættarnöfnin en tækju alíslensk í staðinn. Hann stingur upp á

40 nöfnun sem gætu orðið stofn í íslensku ættarnafnakerfi og lyft íslenskum nafngiftum á æðra stig.

Þegar þessi nöfn eru athuguð kemur í ljós, að langflest þeirra eru í þolfalli (aðeins eitt í eignarfalli) auk nokkurra fornmannanafna. Orðmyndunaraðferð Kambans átti sér því ýmsar fyrirmyndir. Gefa eftirfarandi nöfn nokkra hugmynd um tillögur hans: *Ásberg, Bólstað, Dag, Dungal, Foss, Hagbarð, Hermann, Hraundal, Kalman, Kjarval, Kvaran, Skóg, Steinar, Storm, Valagils.*

Um beygingu þessara nafna farast Guðmundi svo orð:

Ég hefi leitt til þess sannanir, að orð sem hlíta þessum lögum fella niður fallendingar, a.m.k. allar nema eignarfallið þau eiga á sér fullkominn málfræðilegan rétt."

Þetta rökstyður Guðmundur með því, að allir beygingarflokkar hafi fellt niður endingar nema í eignarfalli. Eignarfallsendingum vill hann halda, enda sé það alls staðar gert.

Hvað sem segja má um tillögur Kambans, er því ekki að neita, að ýmis nöfn sem hann stakk upp á hafa verið valin til ættarnafna á Íslandi og meðal þeirra eru mörg af skástu nöfnunum, sem mannanafnanefndin 1914-1915 tók á skrár sínar.

Þeir sem halda því fram að ættarnöfn eigi ekki að beygjast nema þegar þau standa sér án skírnarnafns (enn mun ekki algengt á prenti að þau séu endingarlaus í þeirri stöðu) sækja gjarnan rök sín í það, að samræmi verði að vera milli kynja. Ef við segjum "til frú Laxdal", verðum við líka að segja "til herra Laxdal". Sumir vilja snúa þessu við og segja "til herra Laxdals" og þá líka "til frú Laxdals". Gallinn er bara sá, að hér næst aldrei fullt samræmi, þar sem tvö ósættanleg kerfi eiga í hlut. Það er lítið samræmi í því að tala um Hafsteins-ætt og Blöndals-orðabók, Laxdals-hús og Tulíníusar-bryggju, Lestrarbók Nordals og Nordals-íshús, en ræða síðan og rita um "stjórn Hannesar Hafstein", "tekjur Jóhannesar Nordal", "ræðu Kristjáns Thorlacius" og fleira í þeim dúr, eins og dagblöðin gera hér í Reykjavík.

Ég held að þeir sem nú hafa risið á legg (lífspægindakynslóðin) og berjast fyrir beygingarleysi ættarnafna hafi ef til vill ekki hugleitt, hvílikt niðurrið þeir eru að fremja á íslenskri tungu. Þessi vandi verður ekki leystur nema með samkomulagi málfróðra manna og með hliðsjón af málhefð svo langt sem hún nær.

Ein af meinlokum mannanafnanefndarinnar 1914-15 var sú að hafna ættarnöfnum, sem enda á *fjörð* og *stað*, vegna þess að "hætt er við að slík nöfn fengju ranga eignarfallsendingu, ef þau væru beygð". Í stað nafna eins og "Gilsfjörð" og "Hofstað" kaus nefndin "Gilfer" og "Hofstar", sem mynduð áttu að vera samkvæmt orðmyndunarreglum úr frum-norrænu eða germönsku. Orð sem enda á *dal* tóku nefndarmenn hins vegar gild, vegna þess að hugsanlega mátti líta svo á, að sem ættarnöfn stæðu þau í þágufalli (staðarfalli) og jafngiltu þá heimilisfangi.

Holger Wiehe, lektor í dönsku og samstarfsmaður Sigfúsar Blöndals við orðabókina, ræðir þetta mál í *Skirni* 1917, bls. 286 og áfr. Þar segir svo:

Nafnanefndin hefir tekið upp nöfn er enda á *-dal*, en ekki þau er enda á *-fjörð*, sem þó þegar eru allalgeng (Breiðfjörð, Dýrfjörð, Gilsfjörð, Skagfjörð o.fl.). Hún skoðar nefnilega *-dal* þágufall, eins *-stað*, sem hún notar ekki. Er þessi uppfunding nefndarinnar allsnjöll. En er hún þá ekki all-viðsjárverð? Er ekki hætt við því, að menn fari að beygja þessi þáguföll? Orðmynd svo sem *Brúnums* álíta þó víst allir orðskrípi.

En því ekki skoða *-dal*, *-fjörð*, *-stað*, *-stein* o.fl. sem nefnifall? Þau 20 ættarnöfn, er enda á *-dal*, þau 13, er enda á *-fjörð* og fleiri eru nú skoðuð sem nefniföll og taka að sér *-s* í eignarfalli. Má ekki segja, að þetta sé orðið málvenja, alveg eins og eignarfallsendingin *s* í Björnsson og Sigurðsson, þar sem þó Bjarnar og Sigurðar voru upphaflegu ("réttu") myndirnar? Og orðin *sonur* og *vinur* höfðu þegar í fornöld hliðstæðu myndirnar *son* og *vin* í nefnifalli, og enn er afturskeytta myndin í föðurnöfnum alt af *son*. Að láta *-dal*, *-fjörð*, *-stað*, *-stein* vera án nefnifallsendingar í ættarnöfnum eða að láta t.d. *-stað* taka *s* að sér í eignarfalli mun varla breyta beygingu þessara orða, er þau standa sér eða í staðarheitum. Eins og sagt er í nefndaralitinu fylgja nöfn nokkuð öðrum lögum en önnur orð málsins. Það er því engin ástæða til þess að kalla *-fjörð* í Breiðfjörð þolfall eða *til herra Lyngstaðs* málvillu. Sú hætta sem málinu stafar af þess konar "reglulegum" afbrigðum er engin.

Holger Wiehe virðist hafa séð veilurnar og tvískinnunginn í tillögum nefndarinnar. Það er fráleitt að alþýða manna hafi litið svo á, að nöfn sem enda á *dal* stæðu í þágufalli eins og heimilisfang á bréfi. Enda gera nefndarmenn hálf í hvoru ráð fyrir beygingu. Ritfærir menn hika ekki heldur við að skeyta eignarfallsendingu aftan við nöfn eins og Blöndal, Laxdal o.fl., en það væri auðvitað fráleitt ef þau stæðu í þágufalli. Auk þess hafði nefndin fordæmi fyrir því að nefnifallsendingu karlkynsorða væri sleppt (Bernharð, Erling, Valgarð, Þorberg) og þolfallið gert formála-laust að nefnifalli, en vorkunn var nefndarmönnum þó þeim þætti lítil fyrirmynd í slíku. Að vísu virðist einstaka maður hafa hugleitt það að taka sér ættarnafn í þágufalli. Til að mynda er ritgerð um ættarnöfn í

Ísafold 26. apríl 1916, undirrituð S. J. Brún. Má vera að höfundur hafi ætlast til að menn tækju bæjarnafnið sem ættarnafn. Viðurnafn Njarðar Péturssonar "Njarðvík" má réttlæta með því að það sé þágufall.

Besta tillaga nefndarinnar, fyrir utan fornmannanöfnin sem Guðmundur Kamban hafði raunar fyrstur bent á, var sú, að mynda ættarnöfn af eignarfalli föðurnafns eða staðar: Jón *Ísleifs* fyrir Ísleifsson, Sigriður *Hjartar* fyrir Hjartardóttir (sbr. nöfnin Eggerz og Kolbeins), Kaldalóns og Laxness. Slík nöfn geta engin vandamál skapað í íslensku beygingakerfi. Þá vildi nefndin snúa við íslenskum kenningarnöfnum í sama skyni "Fells-Snorri" hefði þá orðið "Snorri Fells", sbr. Grétar Fells o.fl. af því tagi.

Það eru gild rök fyrir því, að konur amist við s-endingu í nafni sínu og líti jafnvel á hana sem karlrembutákn. Endingarleysið hefur hér eðlilegri og íslenskulegri svip, eins og sýnt hefur verið fram á með dæmum hér að framan. Í ræðu- og ritgerðasafninu "Sjálftæðisstefnan" 1979 hefur útgefandi áttað sig á þessu. Á blaðsíðu 82 stendur: "Birgir Kjaran fæddist í Reykjavík 13. júní 1916, sonur Magnúsar Kjarans stórkaupmanns og Soffíu Kjaran."

Hinn kunní fræðimaður og skáld, Sigurður Nordal, var á sínum tíma oftast nefndur *Nordal*, ættarnafni sínu, manna á meðal: "Nordal sagði þetta, Nordal sagði hitt". Menn töluðu um "heimspeki Nordals, lestrarbók Sigurðar Nordals" o.s.frv. Fáum hefði komið til hugar í þá daga að hafa eignarfall orðsins *Nordal* endingarlaust, tala um "Hugmyndafræði Sigurðar Nordal" eða "hinar djörfu hugmyndir Sigurðar Nordal" eins og nú tíðkast, og það jafnvel í virtum bókmenntatímaritum; slíkt hefði af mörgum verið metið sem argasta smekkleysa, ef ekki eitthvað þaðan af verra. (Dæmi um hinn nýja rithátt má finna í *Tímariti Máls og menningar*, 1. hefti 1984, en þar veður beygingarleysi ættarnafna uppi á annarri hverri síðu).

Hins vegar held ég að flestum hefði þótt fráleitt orðalag að segja: "til Ólafar Nordals". Sá aukakeimur af eignarmerkingu sem í því orðalagi felst hefði þótt meira en hæginn smekkur.

Ég hef fjöldamörg dæmi um það frá starfi mínu í framhaldsskólum, bæði sem prófdómari og kennari, hversu staða eignarfalls er veik í nútíma íslensku. Hér á hirðuleysi um beygingu ættarnafna og erlendra mannaheita vafalítið nokkra sök.

Í ritgerð eftir mann á þritugsaldri rakst ég á þessa setningu í vor,

efnið var úr Gíslasögu Súrssonar: "Næst liggur leið Gísla til Hergilsey."

Setningar sem þessi tala sínu máli.

Ef almenningi finnst það orðið rétt mál að tala um "Sinfónúr Beet-hoven", "leikrit Shakespeare", "heimspeki Russel", "leikrit Ibsen", "málverk Picasso", "rit Brandes", "draumaráðningar Freud", "ljóð Byron", "ævintýri Andersen", "stjórn Jimmy Carter", (Sigurganga Jimmy Carter var gefin út í Hafnarfirði 1978), "þýðing Árna Bergmann" (útvarpið), "kvæði Þ. Eldjárn" o.s.frv., þá hefur meira en lítil uppdráttarsýki hlaupið í málkennð þjóðarinnar.

Vafalítið eru þeir til sem þykir þetta fullgöð nútíma íslenska allt sem skilst er tekið gott og gilt vegna þess að "málið er fyrst og fremst tjáningarmiðill" og það getur skapað "málótta" að leiðrétta orðalag barna og unglunga. Sumir kennarar eru sagðir andvígir því að foreldrar skipti sér af slíku fræðslustarfi, þeir hafi ekki bréf upp á það. Ef eitthvað er hæft í slíkum sögusögnum, þarf enginn að furða sig á hrörnandi máltilfinningu á landi hér.

En sem betur fer eru til menn á Íslandi sem finna til ábyrgðar gagnvart tungunni og komandi kynslóðum. Ég minnst orða sem Halldór prófessor Halldórsson, sá ágæti málverndarmaður, lét falla í símtali við undirritaðan ekki alls fyrir löngu. Halldór taldi ekki ólíklegt að beygingarleysi ættarnafna mundi með tíð og tíma veikja fallakerfi íslenskrar tungu. Það er áreiðanlega að miklu leyti undir móðurmálskennurum og fjölmiðlafólki komið hvernig þau mál þróast.

Þó að ættarnöfnum hafi fjölgað síðustu áratuginu virðist vegur þeirra ekki hafa aukist að sama skapi. Æ fleiri hugsandi mönnum verða nú ljós þau vandkvæði sem þau skapa í íslensku málkerfi og ég lít svo á, að það sé aðeins spurning um tíma, hvenær málfræðingar og fræðsluyfirvöld láta þau mál, sem hér hafa verið til umræðu, til sín taka. Margir Íslendingar sem borið hafa ættarnöfn hafa lagt þau niður í seinni tíð, vafalítið til stuðnings hinum forna nafnsið. Slíkt mótvægi gegn sveiflum tískunnar er tungunni afar dýrmætt. Ég óttast þó, að þeir aðilar sem nú gerast forgöngumenn um beygingarleysi ættarnafna og erlendra mannaheita þykist þegar standa með pálmann í höndunum og fari brátt að vitna í

ættarnöfn sem beygingarlausan flokk orða í íslensku. Slíkt ábyrgðarleysi væri í stíl við ýmislegt annað sem nú er látið viðgangast.

Það er von mín að þau vandamál sem drepð hefur verið á í þessu spjalli verði umhugsunarefni sem flestra þeirra karla og kvenna er hafa iðkun íslensks máls sér til atvinnu eða afþreyingar. Það væri núlifandi kynslóð til vansa að horfa aðgerðalaus á augljós málsþjöll ágerast daglega fyrir augum sér.

22. ágúst 1986

Ingólfur Pálmason